



HÁSKÓLI ÍSLANDS

BA-ritgerð í stjórnmálafræði

„Við viljum ekki hryðjuverkamenn“

Ólík viðbrögð Póllands og Bretlands við flóttafólki frá
Úkraínu og Sýrlandi

Jón Ingvi Ingimundarson

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor

Júní 2023

STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

„Við viljum ekki hryðjuverkamenn“
Ólík viðbrögð Póllands og Bretlands við flóttafólki frá Sýrlandi og Úkraínu

Jón Ingvi Ingimundarson

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði
Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir, prófessor

Stjórnmálafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2023

„Við viljum ekki hryðjuverkamenn“.

Ritgerð þessi er 12 eininga lokaverkefni til BA-gráðu við Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2023 Jón Ingvi Ingimundarson

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2023

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands til BA-gráðu í stjórnmálafræði. Ritgerðin er metin til 12 ECTS-eininga af 180 eininga grunnnámi í stjórnmálafræði. Ritgerðin var fyrst og fremst unnin á þriðju hæð á Þjóðarbókhöðunni, þriðju hæð í Odda, stúdentagörðunum á Sæmundargötu og á heimili mínu á Akureyri. Leiðbeinandi var Silja Bára Ómarsdóttir og hef ég ekki nægilega mörg orð til að lýsa þakklæti mínu til hennar. Sambland af góðum ábendingum, hvatningu, leiðbeiningum og umfram allt gott samstarf gerði skrif á þessari ritgerð töluvert auðveldari. Sérstakar þakkir fá einnig sálfræðingurinn minn, kötturinn minn Barbara, systir mín og fjölskylda, vinir mínir og Dolly Parton. Stuðningur ykkar, ráð og nærvera var mér ómetanleg við skrif ritgerðarinnar. Að lokum vil ég einnig þakka sjálfum mér fyrir að trúá á mig, taka áhættu og vera vinur. Takk öll sem eitt.

Útdráttur

Fólk á flóttu frá Úkraínu og Sýrlandi hefur verið hvað mest áberandi flóttafólk innan Evrópu og fengið töluverða umfjöllun. Mismunandi móttaka á þeim hefur verið eftirtektarverð og vakið spurningar hjá ýmsu fræðafólki og almennum borgurum. Í þessari ritgerð verður skoðað hvernig sérstaklega Pólland og Bretland hafa tryggt mannöryggi flóttafólks frá Sýrlandi og Úkraínu. Fræðikafli ritgerðarinnar útskýrir hvað mannöryggi er og hvernig kenningin um það hefur mótast, ásamt að farið verður í takmarkanir kenningarinnar. Einnig verður rætt hvað öryggi er og hver skilgreining á flóttafólki er. Orðræðugreining er nýtt til þess að rannsaka fjölmiðlaumfjöllun um hópana tvo í Póllandi og Úkraínu og lagt mat á hvort álit almennings og yfirvalda hafi verið jákvætt eða neikvætt í garð flóttafólks. Gerðir eru kóðar sem passa við hvert þema fyrir sig og eru þeir síðan notaðir á viðeigandi umræður. Greining lætur í ljós að löndin tvö höfðu alltaf tryggt mannöryggi hópanna tveggja að einhverju leyti, þó það sé í lágmarki. Fram kemur að meiri mismunun var á milli flóttafólks í Póllandi heldur en í Bretlandi. Einnig kemur í ljós að úkraínsk flóttafólk í Póllandi kemst hvað næst því að upplifa mannöryggi sem er líkast því sem það hefði upplifað í Úkraínu fyrir innrás Rússa.

Abstract

Refugees from Ukraine and Syria have been two of the biggest within Europe and have had a considerable amount of discussion in media. A noticeable difference has been recorded on the reception of these two groups and has sparked questions as to why with both academics and the average citizens. This essay examines how Poland and The United Kingdom have ensured human security for refugees from Syria and Ukraine. The theoretical discussion goes into detail about what human security is and how the theory came to be, it will also touch upon the limitations of the theory. It also defines security and refugees as a concept. Discourse analysis is used to analyse media coverage about the two groups in Poland and the United Kingdom, then positive and negative view towards refugees will be evaluated. Codes are found that correlate to themes and are then applied to the relevant coverage. The evaluation shows that the two countries did ensure human security for the two groups up to a certain point, but in a way that can be considered at a minimum scale. It shows that a large-scale difference was in the treatment of refugees in Poland, but less so in the United Kingdom. It also shows that Ukrainian refugees in Poland got closest to the same level of human security they would have experienced in Ukraine before the Russian invasion.

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Útdráttur	4
Abstract	5
1 Inngangur.....	7
2 Fræðikafli	9
2.1 Hvað er öryggi?	9
2.2 Mannöryggiskenningin.....	10
2.2.1 Mannréttindi og mannöryggi	12
2.3 Gagnrýni á mannöryggiskenninguna.....	13
2.4 Að vera flóttamanneskja	14
3 Aðferðafræði.....	17
4 Tilvikskafli.....	20
4.1 Sýrland	20
4.1.1 Sýrlenskt flóttafólk í Póllandi	21
4.1.2 Sýrlenskt flóttafólk í Bretlandi.....	23
4.2 Úkraína.....	25
4.2.1 Úkraínskt flóttafólk í Póllandi.....	26
4.2.2 Úkraínskt flóttafólk í Bretlandi	28
5 Umræður	31
5.1 Mannöryggi sýrlensks flóttafólks	31
5.2 Mannöryggi úkraínsks flóttafólks.....	32
5.3 Sameiginlegir þættir.....	33
5.4 Aðgreinandi þættir.....	34
6 Lokaorð	36
Heimildaskrá.....	38

1 Inngangur

Þarfir einstaklinga eru margar eins og fólk er mismunandi. Til að mynda er ekki hægt að segja að þarfir Íslendinga séu þær sömu og Indverja, enda tvö mismunandi lönd sem bjóða borgurum sínum ólík lífsgæði. Hins vegar eiga allir það sameiginlegt að þurfa öryggi til þess að geta lifað hamingjusömu og góðu lífi. Öryggi er flókið fyrirbæri og getur verið túlkað á marga mismunandi vegu. Það sem ein þjóð túlkar sem öryggi fyrir sig og sína íbúa, getur síðan orðið að öryggisógn fyrir aðra þjóð og íbúa þar. Þjóðaröryggi er hefðbundin leið til þess að hugsa um öryggi, en mannöryggi er nýrri hugmyndafræði og snýst aðallega um hvernig tryggja má öryggi einstaklingsins.

Flóttafólk er líklegast sá hópur einstaklinga sem upplifir hvað mest óöryggi í lífi sínu. Með því að hafa oft takmarkað aðgengi að húsnæði, mat og heilbrigðisþjónustu er lítið sem færir öryggi í líf þeirra. Það er einmitt flóttafólk sem verður viðfangsefni ritgerðarinnar, þar sem fjallað verður sérstaklega um flóttafólk frá Sýrlandi og Úkraínu í Póllandi og Bretlandi. Spurningin sem þessi ritgerð leitast eftir að svara er hvernig Bretlandi og Póllandi hefur tekist að tryggja mannöryggi flóttafólks frá Sýrlandi annars vegar og Úkraínu hins vegar. Mannöryggiskenningin verður nýtt til þess að svara þessu á sem skilvirkastan hátt.

Byrjað verður á fræðilega hluta ritgerðarinnar. Þar verður hugtakið öryggi tekið fyrir í byrjun, þróun þess og breyting í tímans rás. Næst verður farið yfir mannöryggiskenninguna sjálfa, um hvað hún snýst og hvernig hún kom til í alþjóðasamfélaginu. Einnig verða skoðuð tengsl mannöryggis við mannréttindi, þar sem hugmyndirnar tvær eru mjög tengdar og gætu sumir ruglast á þeim tveimur. Einnig verður tekin fyrir gagnrýni á kenninguna, á hvaða hátt er talið að hún sé gölluð og hvernig skilgreining hennar getur verið talin of óljós. Loks verður rætt um flóttafólk, hvernig það hugtak er skilgreint og hvernig það kom til. Kaflinn um flóttafólk tekur sérstaklega fyrir flóttafólk í sögulegu samhengi og endað er á að skoða flóttafólk í samhengi við mannöryggiskenninguna og skort á öryggi af einhverju tagi.

Aðferðafræðikaflinn fjallar um orðræðukenninguna, sem er aðferðin sem notuð var til að rannsaka tilvik ritgerðarinnar sem er sýrlenskt flóttafólk í Póllandi og Bretlandi og úkraínsk flóttafólk í Póllandi og Bretlandi. Farið verður yfir sögu orðræðugreiningar, skilgreiningu og notagildi í rannsóknum. Einnig verður farið yfir þau þemu sem fundust við greiningu og verða

þau skilgreind og sett í kóðaform til þess að geta flokkað orðræðu sem fannst í umfjöllun fjölmiðla. Útskýrt verður að mest var notast við fjölmiðlaumfjöllun frá 2015 fyrir sýrlenskt flóttafólk og síðan frá 2022 fyrir úkraínsk flóttafólk. Næst verður farið í tilvikskaflann þar sem viðfang ritgerðarinnar er kynnt. Tilvik eru samtals fjögur; sýrlenskt flóttafólk í Póllandi, sýrlenskt flóttafólk í Bretlandi, úkraínsk flóttafólk í Póllandi og úkraínsk flóttafólk í Bretlandi. Eftir hvert tilvik verða síðan kynntar niðurstöður orðræðugreiningar á fjölmiðlaumfjöllun.

Þar næst verður farið í umræðukaflann, þar sem niðurstöður eru skoðaðar í ljósi mannöryggiskenningarinnar. Þær sýna okkur að mannöryggi allra hópanna hefur verið tryggt upp að vissu leyti en er samt sem áður mismikið. Skoðað verður mannöryggi hvers hóps fyrir sig og síðan farið út í sameiginlega þætti en einnig þætti sem gerir hópana ólíka og gæti þess vegna haft áhrif á vilja landanna til þess að veita þeim öryggi eða ekki. Menning, gildi og kynþættir koma allir saman þegar verið er að taka á móti flóttafólki og hefur áhrif á vilja þjóða til þess að taka á móti þeim. Hins vegar eru þarfir þessara hópa ekki mismunandi og er mannöryggi þeirra stefnt í hættu þegar þeim er mismunað. Í lokaorðum verður síðan leitað svara við spurningunni: „Hvernig hefur Bretlandi og Póllandi tekist að tryggja mannöryggi flóttafólks frá Sírlandi og Úkraínu?“ Skoðað verður hvernig þessi lönd hafa tryggt mannöryggi fyrir hvern hóp fyrir sig, en einnig verður skoðað hvort hægt sé að tryggja mannöryggi fullkomlega.

2 Fræðikafli

2.1 Hvað er öryggi?

Öryggi sem hugmynd er ekki hægt að setja í fasta skilgreiningu, þar sem kenningar og skoðanir um það breytast með tíðarandanum hverju sinni. Sú skilgreining sem situr hvað fastast er þegar talað er um öryggi sem frelsi frá yfirvofandi hættu. Þá reynist það í raun og veru erfitt að skilgreina nákvæmlega hver „hættan“ er og hver eða hvað ógnar. Þetta á sérstaklega við á alþjóðasviðinu, þar sem hættan er síbreytileg og er stundum háð einstökum ógnum eða hættum innan eins ríkis sem gæti haft áhrif á öryggi alþjóðasamfélagsins (Bellamy og McDonald 2004, 309). Þessi hefðbundna hugmynd um öryggi; að verja einstaka ríki og yfirráðasvæði frá utanaðkomandi hernaðarógn, er einkenni svokallaðs þjóðaröryggis. Hugmyndin um þjóðaröryggi var hvað sterkust þegar kalda stríðið varði og hafði mikil áhrif á ákvarðanatöku ríkja varðandi stefnumótun (Acharya 2017, 481).

Ofangreind hugmynd um þjóðaröryggi var undir sterkum áhrifum frá raunsæisstefnunni. Raunsæisstefnan er oftast en ekki ríkjandi í hinni hefðbundnu hugmynd um öryggi, þ.e.a.s. hernaðarlegu öryggi. Áhrif hennar og vægi fóru minnkandi þegar svokallaðar gildakenningar urðu algengari á alþjóðasviðinu frá lokum kalda stríðsins. Með tilkomu gildakenninga er áherslan einnig lögð á einstaklinginn þegar verið er að skoða öryggi, í stað þess að leggja áherslu á ríkið og hvaða ógnir steðja að því (Silja Bára Ómarsdóttir 2008, 138). Ein af þeim kenningum sem kom fram er kenningin um mannöryggi sem tekur fyrir bæði frelsi frá ótta eða frelsi frá skorti, eftir því hvernig og hver er að túlka kenninguna (Acharya 2017, 484). Frelsi frá ótta er almennt lýst sem vernd frá átökum, en samhliða er viðurkennt að uppspretta átaka er í raun fátækt og vanhæfi ríkis til þess að uppfylla hlutverk sitt, en einnig margs konar myndir af óréttlæti sem fá að dafna innan samfélags. Frelsi frá skorti er hugmyndin um að ráðast þurfi að rótum öryggisleysis, svo sem hungursneyð, fátækt og sjúkdómum, vegna þess að af því stafi fólki alvöru ógn og dragi þar af leiðandi fleiri einstaklinga til dauða heldur en stríð og ágreiningur. Áherslan er þar með sett á félagslega og efnahagslega þróun til þess að tryggja öryggi einstaklingsins (Hanlon og Christine 2016, 5).

Gildakenningar og kenningar hvað varðar öryggi einstaklingsins hafa nýlega fengið byr undir báða vængi með myndun og dreifingu hryðjuverkahópa. Ríki hafa einungis umboð til þess að tryggja öryggi innan sinna eigin landamæra en hryðjuverkahópar starfa á millipjóðlegum grundvelli, þ.e.a.s. eru ekki afmarkaðir innan landamæra. Hryðjuverkahópar

ýta undir vandamál sem krefjast þess að ríki setji til hliðar hugmyndina um landamæri til þess að geta tekist á við þau, til að mynda hryðjuverk og flóttafólk. Þessi vandamál sem stemma af, en eru ekki einungis bundin hryðjuverkahópum, hafa aukið þörf á að skilgreining á alþjóðlegu öryggi og þjóðaröryggi fari í gengum breytingaferli og þannig sé lögð meiri áhersla á mannöryggi fremur en einungis þjóðaröryggi (Ballin, Dijestelbloem, de Goede 2020, 135).

2.2 Mannöryggiskenningin

Mannöryggiskenningin á rætur sínar að rekja til loka kalda stríðsins þegar athygli færðist frá að íhuga hvað ógnaði ríkjum, eins og hafði tíðkast áður, og beindist að hvað gerði fólk öruggt. Settar voru fram kenningar um að þarfir á borð við greitt aðgengi að matvælum, hagræn þróun og almenn gæði umhverfis væru eiginleikar sem uppfylla þyrfti til þess að ýta undir öryggi einstaklingsins (Thomas og Tow 2002, 177-178). Hugmyndin um mannöryggi kemur síðan fram í þeirri mynd sem nú er þekkt árið 1994 þegar alþjóðleg þróunarsamvinnunefnd Sameinuðu þjóðanna gaf út þróunarskýrslu þar sem tillaga var sett fram um að bæði þyrfti að dýpka og víkka ráðandi hugmyndir um alþjóðlegt öryggi og ríkisöryggi. Sett var fram tillaga sem tilgreinir sjö lykilþætti sem ber að skoða til þess að tryggja viðvarandi frið og öryggi fyrir einstaklinga (Persaud 2019, 145). Þeir þættir sem þarf að athuga, samkvæmt skýrslunni, eru efnahagslegt öryggi, öruggt aðgengi að matvælum, greitt aðgengi að heilsugæslu, öryggi frá áhrifum mengunar og loftslagsbreytinga, persónulegt öryggi frá hættum samfélagsins, menningarlegt öryggi og lýðræðislegt öryggi (Paris 2008, 90). Seinna meir var mannlegri reisn bætt við (Persaud 2019, 145).

Einn af mikilvægustu þáttum mannöryggis er að áhersla er lögð á málefni sem snerta allan heiminn, í stað þess að einblína eingöngu á þau vandamál sem hrjá almennt fremur suðlægari ríki heims (e. Global South). Áskoranir heimsins eru ekki lengur skorðaðar við ákveðinn hluta hans og eru loftslagsbreytingar og för flóttafólks dæmi um mál sem heimurinn þarf að beina athygli sinni að. Einnig eru áherslur kenningarinnar nothæfar fyrir iðnvædd ríki til þess að bæta lífsgæði íbúa sinna, og víkka þannig hugmyndir alþjóðasamskipta í heild sinni til þess að hugsa um heiminn umfram hina hefðbundnu norður-suður skiptingu sem oft hefur tíðkast (Acharya 2017, 483).

Mannöryggi er einnig oft skipt niður í ofangreinda hugmynd um frelsi frá ótta, sem snertir átök og öryggi, og frelsi frá skorti, sem snertir þróun lífskjara. Þessar tvær hugmyndir ætti í raun að nota saman, en ekki hvora í sínu lagi eins og þróunin hefur verið. Sú þróun hefur þannig

kveikt undir umræðum um hvort mannöryggiskenningin snúi fremur að hernaði og ábyrgðinni til þess að vernda (e. responsibility to protect), en áherslan ætti að vera fyrst og fremst á hagþróun mannkynsins og aðgengi að nauðsynjum eins og atvinnu og heilsu (Hisen-li 2009, 160). Þessi skipting á frelsi frá ótta og frelsi frá skorti er hvað mest augljós í Kanada varðandi frelsi frá ótta, og Japan varðandi frelsi frá skorti. Kanadísk yfirvöld nálgast öryggi með því að ráðast á vandamál eins og jarðsprengjur og barnahermenn og leggur lykiláherslu á mannréttindasáttmálann og Genfarsáttmálann (Acharya 2017, 484). Paul Heinbeck, þáverandi fastafulltrúi Kanada hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, skrifaði greinina „The Concept of Human Security: A Canadian View“ (2000) þar sem hann fer yfir hvernig Kanada hefur tekið upp mannöryggiskenninguna og leggur áherslu á frelsi frá ótta. Kanadísk yfirvöld túlka mannöryggiskenninguna þannig að megináhersla eigi að vera á að ávarpa og vinna gegn ágreiningi, bæði utanaðkomandi og innan ríkis. Kanada leggur mikla áherslu á mannúðarstefnu og mannúðarstarf, öryggi almennings og aðrar stefnur sem forgangsraða vernd almennra borgara í vopnuðum ágreiningi (Heinbecker 2000, 27-33). Kanada hefur þannig lagt meira upp úr að tryggja frelsi frá ótta frekar en frelsi frá skorti. Japan hefur síðan felld utanríkisstefnu sína að mannöryggiskenningunni (Hsien-Li 2009, 160). Ríkið tók, í kjölfar mikils áhuga á mannöryggiskenningunni vegna fjármálakreppu í Asíu 1997, að verja miklum peningum og tíma í að rannsaka mannöryggi í heiminum, og þá sérstaklega í Asíu. Í kjölfar þessara rannsókna fór Japan að veita styrki til ríkja sem voru að vinna að eigin iðnvæðingu, veita vernd og valdefla fólk frá endalokum ágreinings til þróunarsviðsins og auka samvinnu innan suðrænna ríkja. Japan hefur einnig lagt mesta áherslu á að styðja og styrkja verkefni sem munu endast. Dæmi er áhersla á menntun, heilsugæslu, vatn og hreinlæti. Áhersla Japans er þannig mestmegnis á samfélagið og frelsi frá skorti (Hisien-Li 2009, 160-164).

Í bók sinni „Human Security“ (2007) fjallar Mary Kaldor um þessa aðgreiningu ótta og skorts, en telur mikilvægt að sameina þessa tvo þætti. Hún vekur athygli á að vegna áherslunnar á frelsi frá ótta og frelsi frá skorti sé einnig litið á öryggi og þróun sem aðskildar hugmyndir. Öryggi og þróun sé hugsað sem sitt hvor hugmyndin og slíkt hið sama um frelsi frá ótta og frelsi frá skorti, en telur hún það vera mistök. Bæði öryggi og þróun innihalda frelsi frá ótta og frelsi frá skorti, þar sem öryggi snýst um að huga að margs konar öryggi en ekki aðeins í stríði, og þróun snýst um meira en yfirborðskennd lífskjör. Öryggi á að takast á við náttúruvá, bæði náttúrulega og þá sem er af mannavöldum, til að mynda loftslagsbreytingar. Þróun felur einnig í sér að einstaklingur finni fyrir öryggi þegar hann er einn á ferð, getur tekið þátt í og

haft áhrif á stjórnámál innan síns ríkis. Mannöryggi er því samsett af skorti af bæði öryggi og þróun, bæði ótti og skortur er til staðar, og birtist skýrast í uppflosnuðu fólki, til dæmis flóttafólki. Fólk sem þurft hefur að flýja land skortir bæði líkamlegt og efnislegt öryggi (Kaldor 2007, 182-183), þannig þegar mannöryggi er skoðað, er mikilvægt að sameina frelsi frá ótta og frelsi frá skorti, því ótti og skortur ýta saman undir mannöryggi.

2.2.1 Mannréttindi og mannöryggi

Fyrir tíma mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna voru mannréttindi ekki talin vera atriði sem alþjóðasamfélagið ætti að blanda sér í. Hvað ríki gerði innan sinna eigin landamæra ætti ekki að snerta alþjóðasamfélagið í heild sinni, en það breyttist eftir seinni heimsstyrjöldina og aukna vitundarvakningu um helförina. Upp úr því varð mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna birt árið 1948 sem vakti athygli á mannréttindum í alþjóðasamfélaginu og skapaði grunninn fyrir almenn mannréttindi sem ættu að eiga við í hverju landi fyrir sig (Donnelly 2017, 498).

Mannréttindi og mannöryggiskenningin eru innbyrðis tengd og styrkja og efla hvort annað. Hins vegar eru þau ekki sami hluturinn og er þess vegna ekki hægt að nota annað hugtakið þegar átt er við hitt. Mannréttindi munu ávallt sitja ofar mannöryggi vegna þess að áhrif mannréttinda og mannréttinasáttmála á alþjóðasamfélagið hafa verið grunnurinn sem mannöryggi er byggt á. Mannréttindi og mannöryggiskenningin eiga sameiginlegt að leggja áherslu á mannlega reisn, pólitískt, persónulegt og félagslegt öryggi og eru hugtökin bæði með svipaða skilgreiningu í lykilritum (Benedek 2008, 12-14).

Munurinn liggur í að mannréttindi og hugmyndin um þau eru í grunninn ekki lögð í efa, annað en mannöryggi. Mannréttindi eru sáttmáli sem ríki taka að sér og vinna að því að uppfylla, á meðan mannöryggiskenningin er stjórnálafræðileg kenning sem ekki hefur sérstaklega sterkan grunn til að réttlæta sig. Einnig felst munur í, ólíkt mannöryggiskenningunni, að mannréttindum er sjaldan forgangsraðað þar sem þau eru tryggð með lögum sem samþykkt eru af alþjóðasamfélaginu, á meðan mannöryggi er einungis tryggt með samvinnu í alþjóðasamfélaginu og byggir ekki á sjálfstæðum lagalegum grunni. Hins vegar er mikilvægt að varpa ljósi á að þrátt fyrir þennan mismun, þá hafa áherslur mannöryggis oft verið dregnar inn í lög og hafa mannréttindi haft áhrif á áherslur mannöryggiskenningarinnar. Þess vegna er brýnt að skoða atriðin saman í stað þess að gera það í sitt hvoru lagi (Benedek 2008, 14).

2.3 Gagnrýni á mannöryggiskenninguna

Gagnrýni á mannöryggiskenninguna er almennt hægt að flokka í tvær aðgreindar umræður. Annars vegar eru þeir sem draga hugmyndina sjálfa í efa, það er að segja þeir sem velta fyrir sér hvort að hugmyndin sjálf sé ný og hvort hægt sé að færa rök fyrir að taka upp kenninguna þegar kemur að stefnumótun. Hinn hópurinn er síðan fólk sem trúir fast á kenninguna, en rökræður snúast um yfir hvað kenningin nær (Acharya 2017, 484).

Ein þekktasta gagnrýni á mannöryggiskenninguna kemur frá Paris (2001) í grein þar sem hann tekur kenninguna fyrir og rekur galla hennar. Þar tekur hann sérstaklega fram hvernig einn helsti galli kenningarinnar sé að í raun liggi ekki fyrir nein skýr skilgreining á kenningunni sjálfri og að hugmyndin sé í raun gífurlega óljós (Paris 2001, 88).

Vegna meints skorts á skýrri skilgreiningu á mannöryggiskenningunni er erfitt að nota hana til þess að framkvæma rannsóknir sem myndu skila nothæfum niðurstöðum eða ramma fyrir stefnumótun eða fyrir rannsóknarfólk. Notagildi kenningarinnar er þá talið einungis vera merki sem nær yfir ákveðna tegund af rannsóknum á sviði öryggisfræða og leggur áherslu á öryggi samfélaga og einstaklinga, í stað þess að rannsaka öryggi með hefðbundnari hætti (Paris 2001, 96-97).

Svo virðist sem árangur og velgengi mannöryggiskenningarinnar hafi komið vegna þess að hún hafi verið notuð mestmegnis sem einhvers konar slagorð. Notkun á kenningunni sem slagorði hefur verið mjög áhrifarík í þróun heimsins og hefur nýst vel til þess að koma af stað ýmsum mikilvægum málum til þess að bæta heiminn. Sem dæmi má taka stofnun alþjóðaglæpadómstóls og gerð alþjóðasáttmála um að hætta notkun jarðsprengja. Hins vegar er mikilvægt að mistúlka ekki velgengi kenningarinnar sem slagorð fyrir notagildi hennar og ramma fyrir greiningu (Paris 2001, 88-89).

Það gæti verið kenningunni til góðs að breyta nálgun að henni; með því að þrengja skilgreininguna á henni væri auðveldara að nota hana sem ramma fyrir rannsóknir. Eins og kemur fram er eitt helsta vandamál kenningarinnar það að hún er ekki nægilega vel skilgreind og er ekki nægilega nákvæm. Hugmyndum hefur verið varpað fram um að auðveldara væri að skilgreina mannöryggi með einungis mikilvægum þáttum, það er einungis þeim þáttum sem fólk er tilbúið að setja sig í hættu fyrir. Menntun, pólitískt frelsi og lýðræði væru dæmi um þætti sem þá myndu skilgreina mannöryggi. Önnur hugmynd um betri skilgreiningu á mannöryggi er að gera það að mælikerfi sem myndi mæla beinar og óbeinar ógnir fyrir

einstaklinginn. Hins vegar eru þessar hugmyndir langt frá því að vera fullkomnar, margar spurningar vakna þegar farið er yfir þær og mörg vandamál koma í ljós. Eitt af þeim vandamálum er hvað skilgreinir mannöryggi, sem er nú þegar umdeilt umræðuefni en í raun er tilgangur í óljósri merkingu hugtaksins. Tilgangurinn er að sameina einstaklinga eða hópa sem sjá tækifæri til þess að vekja athygli á óhefðbundinni ógn við öryggi sem tengist ekki alltaf hernaðarógn. Óljós merking ýtir þá undir leið til að sameinast auðveldlega (Paris 2001, 94-96).

2.4 Að vera flóttamanneskja

Áður en hægt er að gera grein fyrir hvernig móttaka flóttafólks frá Úkraínu og Sýrlandi hefur verið í Evrópu, er mikilvægt að skilgreina hvað flóttafólk er og þær áskoranir sem því fylgir að vera flóttamanneskja. Ríkjandi skilgreining á flóttamanneskju er eftirfarandi: „Einhver sem er ófær eða ófús að snúa aftur til síns upprunalands vegna rökstudds ótta um að vera ofsóttur á grundvelli kynþáttar, trúar, þjóðareinkennis, þjóðfélagshóps eða pólitískrar skoðunar“¹ (Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna 2017).

Saga flóttafólks með vernd alþjóðasamfélagsins byrjar ekki fyrr en stuttu eftir endalok fyrri heimsstyrjaldarinnar og með aðkomu Þjóðabandalagsins. Vegna fjölda stríða sem höfðu gengið yfir á fyrri hluta 20. aldarinnar ákvað alþjóðanefnd Rauða krossins að biðja Þjóðabandalagið að skipa sendiherra sem átti að hafa það markmið að skilgreina og sjá flóttafólki frá Rússlandi sérstaklega fyrir atvinnu utan Rússlands og finna út frekari þarfir þeirra sem flúðu landið vegna bolsévikauppreisnarinnar. Fridtjof Nansen var fenginn til að gegna þessu starfi (Jaeger 2001, 727-728).

Á tíma Þjóðabandalagsins voru settar á fót stofnanir til að framkvæma það starf sem sendiherrann ofangreindi hafði á sinni könnu. Þessar stofnanir voru fyrst og fremst hugsaðar fyrir flóttafólk sem var að flýja Rússland og Armeníu og starf þeirra var að bera kennsl á flóttafólk frá þeim löndum til að geta skilgreint réttarstöðu þeirra. Það starf þróaðist síðan yfir í, þökk sé samningi um réttarstöðu flóttafólks² frá 1933, að takast á við aðstæður og stöðu flóttafólks, lagaleg réttindi, menntun og velferðarmál. Samningurinn frá 1933 varð seinna meir

¹ Upprunalegur texti: „Someone who is unable or unwilling to return to their country of origin owing to a well-founded fear of being persecuted for reasons of race, religion, nationality, membership of a particular social group, or political opinion.“

² Upprunalegt heiti: „Convention relating to the International Status of Refugees.“

fyrirmynd fyrir næsta samning um stöðu og réttindi flóttafólks sem varð til árið 1951 (Jaeger 2001, 729-730).

Ráðstefnan um stöðu flóttafólks árið 1951 skilgreindi flóttafólk sögulega eins og er gert fyrir í kaflanum (Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna 2011, 3). Hins vegar voru ákveðnar takmarkanir sem fylgdu þeirri skilgreiningu, og voru þær að einstaklingur gæti einungis talist flóttamanneskja hefði viðkomandi þurft að flýja vegna atvika sem áttu sér stað fyrir 1. janúar 1951. Einnig var tekið fram að sérstaklega væri átt við atvik sem áttu sér stað innan Evrópu (Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna 2010, 14-15). Hins vegar var þessu ákvæði breytt í síðareglum sáttmálans sem bætt var við árið 1967. Þær fjarlægðu áherslurnar sem settar voru á staðsetningu, Evrópu, og tímasetningu, fyrir 1. janúar 1951, úr sáttmálanum og þannig gátu breiðari fylkingar fólks sem þurfti að flýja heimaland sitt fengið skilgreininguna flóttafólk og fengið þannig þá aðstoð sem flóttafólk átti rétt á (Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna 2011, 4).

Ein helsta vernd sem flóttafólk fær að njóta, óháð hvort ríki hafi skrifað undir samninginn frá 1951, er svokallaða „non-refoulement“ reglan, sem kveður á um að ekki sé leyfilegt að senda flóttamanneskju aftur til þess svæðis þar sem lífi viðkomandi væri stefnt í hættu. Ef flóttamanneskja sækist eftir vernd í ákveðnu landi, hefur það land ekki heimild til þess að neita, þar sem það væri skýrt brot á „non-refoulement“ reglunni (Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna 2011, 5).

Árið 2022 var áætlað að fleiri en 100 milljónir fólks væru á flótta í heiminum. Af þessum væru 6,8 milljónir frá Sýrlandi og um það bil 7,7 milljónir frá Úkraínu innan Evrópu þegar seinast var mælt í október 2022 (Security Council Report 2022). Einungis eina milljón sýrlenskra flóttamanna er að finna í Evrópu (Zaru 2022).

Flóttafólk er gífurlega viðkvæmur hópur og er sá sem hvað mest skortir mannöryggi. Skortur á aðgengi að almenningþjónustu, menningu sinni og reisu er upplifun margra sem eru á flótta og er óöruggt. Mannöryggiskenningin gerir mögulegt að skoða hvar flóttafólk upplifir skort, og hvernig hægt er að veita þeim öryggi aftur. Það er á ábyrgð alþjóðasamfélagsins að tryggja mannöryggi flóttafólks, þar sem flóttafólk er á ábyrgð þeirra og þar með er mannöryggi það líka. Pólland og Bretland bera skyldur gagnvart flóttafólki frá Sýrlandi og Úkraínu um að tryggja mannöryggi og virða mannréttindi þeirra þar sem hugmyndirnar tvær eru afar tengdar. Uppfærðar hugmyndir um hvað öryggi er hafa einnig verið nýttar til þess að skilja þarfir fólks

um allan heim og hvers er krafist af ríkjum til þess að íbúar þeirra geti fundið fyrir öryggi. Sömu þarfir er að finna um allan heim varðandi að uppfylla öryggi og finnur flóttafólk sérstaklega fyrir því þegar það hefur ekki ríki til að passa upp á að það njóti mannöryggis. Margir þættir geta haft áhrif á mismunun á milli flóttafólks. David De Coninck skrifaði „The Refugee Paradox During Wartime in Europe: How Ukrainian and Afghan Refugees are (not) Alike“ (2022) þar sem hann rekur hvernig atriði eins og kynþættir, menning og gildi geta haft áhrif á hvernig t.d. Evrópa tekur á móti flóttafólki. Þessir þættir geta gert það að verkum að þjóðir sem taka inn flóttafólk frá löndum þar sem meirihlutinn er ekki hvítur séu ekki jafn viljug til að veita þeim þjónustu sem tryggir þeim mannöryggi sitt. Úrelta ákvæðið um að flóttafólk gæti einungis verið frá Evrópu virðist ekki dáið út og er sú hugsun að Evrópubúar eigi betra skilið ennþá viðvarandi.

3 Aðferðafræði

Til þess að geta greint viðhorf til og umræður um sýrlenskt og úkraínsk flóttafólk í Bretlandi og Póllandi verður orðræðugreiningu beitt. Einnig verður orðræðugreining nýtt til þess að gera grein fyrir og meta viðbrögð til þess að tryggja mannöryggi hópanna tveggja. Metið verður hvort mismunun sé að finna í orðræðu yfirvalda og eftirfarandi aðgerðum sem framkvæmdar voru sem viðbrögð við flóttafólki. Notast var við gagnagreiningarforritið MAXQDA til þess að greina orðræðu í 14 greinum um flóttafólk frá Sýrlandi og 14 greinum um úkraínsk flóttafólk í Bretlandi og Póllandi frá eins óháðum fjölmiðlum og mögulegt var frá mars til desember 2022 og allt árið 2015. Reynt var að finna jafn margar greinar um flóttafólk sem tóku fyrir breskt samhengi og pólskt samhengi, þar sem samanburður á þessum tveimur löndum og hópum verður viðfangsefni ritgerðarinnar. Til þess að geta borið hópana tvo saman er tímabilið þar sem flestir voru að flýja land sitt skoðað, fyrir flóttafólk frá Sýrlandi allt árið 2015 og fyrir flóttafólk frá Úkraínu frá febrúar til desember 2022. Bent er á að það munar einum mánuði á þessu tímabili hjá hópunum tveimur, en telja má að sá mánuður verði ekki mikilvægur fyrir niðurstöðurnar þar sem fjöldi sýrlensks flóttafólks varð ekki mikill fyrr en um mitt ár 2015 og aðgerðir Bretlands og Póllands eru, virðist vera, samstíga því.

Orðræðugreining hefur verið nýtt sem aðferðafræði síðan á seinni hluti 20. aldar og á rætur sínar að rekja til málvísinda. Aðferðin innan málvísinda er nýtt aðeins öðruvísi en innan félagsvísinda, en helsti munurinn er viðfangsefnið sjálft sem verið er að rannsaka. Málfræðingar nota mest orðræðugreiningu sem tól til að skoða samhengi og málnotkun. Athygli þeirra er á notkun hversdagsmáls og áhrif þess á lífið og tungumálið sjálft. Á sviði félagsvísinda er athyglin hins vegar á áhrif orðræðu á umhverfið og aðstæður sem hún er notuð í. Í félagsvísindum eru málvísindin ekki mikilvæg, heldur er mikilvægara að skoða samspil orðanotkunar og samfélagsins (Kristín Björnsdóttir 2016, 269-270).

Michel Foucault, franskur heimspekingur, var einna fyrstur til að móta orðræðugreiningu innan félagsvísinda. Hann varpaði fram þeirri hugmynd að orðræða mótaði samfélög og í henni yrðu til fyrirbæri. Það sem átt er við með því er að orðræða er ekki eitthvað fyrirbæri, heldur frekar það sem við gerum til þess að skapa umræðuefnið. Sem dæmi má nefna að þjóð er þjóð því við tölum um hana þannig. Orðræða er reglubundin og má greina í henni mynstur og skipulag samkvæmt Foucault, en það er einungis hægt í aðstæðum þar sem hún er sett fram í sögulegu eða pólitísku samhengi. Þannig kemur vald frá orðræðu og þá er ekki alltaf átt við

yfirráð heldur frekar völd sem finnast til að mynda í samskiptum tveggja aðila. Hægt er að rannsaka hvernig völd verða til milli tveggja einstaklinga eða í orðræðu, þar sem allir þátttakendur samfélags eru þeir sem móta það og þar með valdið (Kristín Björnsdóttir 2016, 270-271).

Notagildi orðræðugreiningar er mikið þegar verið er að skoða viðbrögð og umræðu varðandi flóttafólk innan ákveðinna svæða. Neikvæð orðræða um ákveðinn hóp fólks mótar viðhorf samfélagsins til hans, og hefur þannig áhrif á framkvæmd stefnu stjórnvalda gagnvart honum. Eins og áður var nefnt er orðræðugreining mikilvæg til þess að geta skilið viðhorf og ákvarðanir innan Bretlands og Póllands gagnvart flóttafólki frá Sírylandi og Úkraínu, og hvort mannöryggi þeirra hafi verið tryggt. Mikilvægt er að geta séð andstæður í umfjöllun og aðgerðum og bera kennsl á mismunandi ástæður fyrir því.

Greinarnar sem eru nýttar eru á bilinu 400-1500 orð og fjölluðu þær um aðlögun og móttöku flóttafólks í Bretlandi og Póllandi. Umfjöllunin er skoðuð með greinandi hætti til þess að hægt sé að finna þemu og þannig gera viðeigandi kóða. Sjö kóðar voru mest notaðir þegar þemu voru fundin og voru þeir eftirfarandi:

- Óánægður almenningur. Notaður þegar almenningur sýndi óánægju með flóttafólk, annaðhvort um fjölda fólks, hegðun þess og fleira því líkt.
- Óánægð yfirvöld. Notaður þegar yfirvöld annaðhvort í Póllandi eða Bretlandi sýndu andúð af einhverju tagi um flóttafólk eða töluðu neikvætt um það. Oft notaður þegar yfirvöld ræddu hættuna sem fylgdi því að taka á móti flóttafólki.
- Samúðarfullur almenningur. Notaður þegar almenningur sýndi skilning og/eða vorkunn gagnvart flóttafólki. Einnig notaður þegar almenningur bauð upp á aðstoð fyrir flóttafólk.
- Samúðarfull yfirvöld. Notaður þegar yfirvöld höfðu samúð með flóttafólki og juku aðstoð við það af sjálfsdáðum.
 - Almenningsþjónusta. Undirflokkur af samúðarfullum yfirvöldum en sérhæfðara. Notaður þegar flóttafólk fékk aðgengi að almenningsþjónustu af ýmsu tagi. Almennit fær flóttafólk almenningsþjónustu í löndunum tveimur sem fjallað verður um, en getur sú hegðun verið óvenjuleg ef almennt þema sem greint hefur verið er óánægð yfirvöld. Þess vegna er mikilvægt að tilgreina þetta þema.
- Skítugt, hættulegt og slæmt flóttafólk. Notaður þegar almennt var fjallað um flóttafólk á neikvæðan hátt. Sem dæmi má taka þegar sagt er að flóttafólk sé hættulegt eða sé byrði fyrir samfélagið.

- Gott, óheppið og sómasamlegt flóttafólk. Notaður þegar flóttafólki var sýnd samkennd. Einnig þegar fjallað var um getu þeirra til að aðlagast samfélaginu og ástandið í heimalandi þeirra sem ýtti undir samúð.
- Einstakt viðhorf til vandamála. Notaður þegar ríki tóku afgerandi afstöðu með viðbrögðum sínum við flóttafólki, þá annaðhvort með því að tala um skyldur sínar gagnvart flóttafólki eða með því að neita að taka færri inn í landið.

Hver og einn kóði táknar mikilvægt þema þegar kemur að því að svara spurningunni hvernig Bretland og Pólland hafa tryggt mannöryggi flóttafólks frá Sýrlandi og Úkraínu. Texti á borð við „... og ásakaði innflytjendur að koma með allskonar sníkjudýr sem eru ekki hættuleg í þeirra heimalöndum, en gætu reynst íbúum Evrópu hættuleg³“ (Al Jazeera 2015), var kóðaður í flokkunum „skítugt, hættulegt og slæmt flóttafólk“ ásamt „Ósátt yfirvöld“ þar sem þarna var vitnað í stjórnámamann. Einnig var skoðuð umfjöllun sem fjallaði um almenna líðan almennings eins og „Við þurfum að byrja að vera frumleg, það mun geta okkur kleift að taka á móti ennþá fleira flóttafólki⁴“ (Pikulicka-Wilczewska 2022) og „„Við viljum ekki hryðjuverkamenn hérna,“ sagði pólskur eftirlaunaþegi þegar hann var spurður um áform ESB um að dreifa flóttafólki meira um heimsálfuna. „Hefur þú séð hvað þeir eru að gera í vesturlöndum?“⁵“. Fyrri setningin fékk kóðan „samúðarfullur almenningur“ og seinni „óánægður almenningur“ en einnig „skítugt, hættulegt og slæmt flóttafólk“.

³ Upprunalegur texti „Accused refugees of bringing in all kinds of parasites which are not dangerous in their own countries, but which could prove dangerous for the local populations”

⁴ Upprunalegur texti „What we need is to start thinking more creatively, which will allow us to accept even more refugees“

⁵ Upprunalegur texti „“We don’t want terrorists here,” the Polish pensioner says, when asked about EU plans to resettle refugees more broadly across the continent. “Have you seen what they’re doing in the west?”“

4 Tilvikskafli

4.1 Sýrland

Borgarastyrjöldina í Sýrlandi má rekja til arabíska vorsins 2011, þegar mótmæli og kröfur um meira lýðræði fóru sem eldur í sinu um Mið-Austurlönd. Hugmyndir um aukið lýðræði náðu fljótt til Sýrlands, þar sem al-Assad ættin hafði verið við völd síðan á áttunda áratug seinustu aldar (Al Jazeera 2018). Í mars 2011 voru 15 einstaklingar handteknir fyrir veggjakrot sem innihélt áróður gegn Bashar al-Assad forseta. Handtakan var mjög ofbeldisfull og voru einstaklingarnir pyntaðir í kjölfar hennar, sem knúði ættingja og vini þeirra til að mótmæla. Þau mótmæli fengu ofbeldisfull viðbrögð frá ríkisstjórninni og létust nokkrir óvopnaðir almennir borgarar. Viðbrögð við þessum morðum á almennum borgurum voru að mótmælendur fóru að vopna sig sjálfir, sem var óvænt vegna þess að Sýrland hafði verið tiltölulega stöðugt pólitískt séð og var búist við að mótmælin myndu fuðra upp. Strax í byrjun ágúst 2011 voru engu að síður komnar á fót sjálfstæðar hereiningar sem börðust gegn her al-Assad (Musarurwa og Kaye 2017, 33).

Um það bil 12 ár eru síðan borgarastyrjöld í Sýrlandi hófst og hafa um það bil 14 milljónir einstaklinga verið skráðar sem flóttafólk í heild; 6,8 milljónum þeirra hefur tekist að flýja Sýrland á meðan 6,9 milljónir eru enn fastar í landinu. Meirihluti þeirra 6,8 milljóna sem hafa sloppið, eða u.þ.b. 5,6 milljónir, dvelja í Egyptalandi, Írak, Jórdaníu, Líbanon og Tyrklandi og búa þar við bágar aðstæður. Þessi fimm lönd sem hýsa meirihluta sýrlensks flóttafólks bjuggu fyrir við skort á mikilvægum atriðum tengdum mannöryggi, svo sem greiðu aðgengi að matvælum, aðgengi að hreinu vatni og sömuleiðis var fátækt mikil. Ein stærsta áskorunin fyrir meirihluta sýrlensks flóttafólks er að öruggt aðgengi að matvælum er sjaldan eða nær aldrei tryggt (Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna 2022, Reid 2022).

Um það bil ein milljón flóttafólks frá Sýrlandi hefur leitað skjóls innan Evrópu og eru yfir 70% þeirra í Svíþjóð og Þýskalandi. Austurríki, Grikkland, Holland og Frakkland hýsa um það bil 2-5% þeirra á meðan önnur Evrópuríki hýsa undir 2%. Ástæða þess er að mörg ríki innan Evrópu voru mjög á móti því að veita sýrlensku flóttafólki skjól út af hlutum eins og islamfóbíu og auknum ótta við hryðjuverk. Sá ótti var síðan notaður í pólitískum tilgangi til þess að hafa áhrif á skoðanir fólks um flóttafólk frá Sýrlandi. Meirihluti flóttafólks frá Sýrlandi kom til Evrópu í gegnum Tyrkland, en einungis eftir að Evrópusambandið hafði gert samninga við landið eftir að hafa orðið fyrir mikilli pressu vegna fjölda flóttafólks (Zaru 2022, UNHCR 2021).

4.1.1 Sýrlenskt flóttafólk í Póllandi

Pólland er einsleit þjóð þegar kemur að bæði trú og kynþætti, þar sem einungis 0,1% íbúa er af erlendu bergi brotnu og um það bil 94% íbúa aðhyllast kaþólska trú. Í Póllandi er lægsta hlutfall erlendra íbúa nokkur ríkis innan Evrópusambandsins og skapar það frjóan jarðveg fyrir útlendingahatur sem stjórnarandstaða Póllands nýtti sér mjög mikið árið 2015 (Ojewska 2015b).

Neikvæð viðbrögð yfirvalda innan Póllands vegna kröfu frá Evrópusambandinu um að taka inn fleira flóttafólk ýtti undir neikvætt viðhorf heimamanna í Póllandi gagnvart sýrlensku flóttafólki og flóttafólki almennt frá Mið-Austurlöndum. Hryðjuverkaárásirnar í París 2015 juku enn and-múslimskan hugsunarhátt sem þegar hafði vaxið fiskur um hrygg í Póllandi. Mótmæli voru algeng, beindust gegn flóttafólki á samfélagsmiðlum og í raunheimum, og voru flest skipulögð af hægri væng stjórn mála innan Póllands (Ojewska 2015a).

Þrátt fyrir neikvætt viðhorf Pólverja gagnvart sýrlensku flóttafólki þá fékk það samt sem áður ákveðna þjónustu. Þegar flóttamanneskja kom til Póllands gat hún valið um að dvelja í flóttamannabúðum þar sem hún gæti fengið 210 zloty, pólskan gjaldmiðill sem jafngildir 6800 ISK⁶, á mánuði, aðgengi að ókeypis pólskutímum, heilbrigðisþjónustu, tannlæknaþjónustu og gátu börn gengið í skóla sem voru í búðunum. Ef flóttafólk myndi síðan kjósa að búa utan búðanna myndu það fá allt að 750 zloty á mánuði, eða í kringum 28.000 ISK⁷ (Forest 2015).

4.1.1.1 Niðurstöður orðræðugreiningar

Niðurstöður orðræðugreiningar um viðhorf Pólverja gagnvart sýrlensku flóttafólki gefa til kynna að neikvætt viðhorf hafi verið ríkjandi, að minnsta kosti fyrsta árið sem sýrlenskt flóttafólk fór að koma til Evrópu í miklum mæli. Greiningin sýndi tvo frekar afgerandi flokka hvað varðar umræðuna; annars vegar flokkinn „skítugt, hættulegt og slæmt flóttafólk“ og síðan „gott, óheppið og sómasamlegt flóttafólk“. Einnig voru aðrir flokkar til staðar eins og „óánægður almenningur“ og „óánægð yfirvöld“. Innan Póllands var SHSF yfirgnæfandi flokkur, þar sem talað er um flóttafólk sem hryðjuverkamenn (Leszczyński 2015), smitbera (Cienski 2015) og nauðgara (Ojewska 2015a). Mikilvægt er að fara nánar út í þá umræðu sem skapaðist á fyrsta árinu sem sýrlenskt flóttafólk lagði leið sína til Póllands.

⁶ Skv. Gengistöflu Íslandsbanka 18. desember 2022.

⁷ Skv. Gengistöflu Íslandsbanka 18. desember 2022.

Sú hugmynd að flóttafólk, þá sérstaklega sýrlenskt flóttafólk, bæri með sér sjúkdóma kom frá Jaroslaw Kaczynski sem er leiðtogi Lög og réttur (p. Prawo i Sprawiedliwosc) flokksins. Hann hélt því fram að flóttafólk hefði með sér sjúkdóma sem Evrópa væri löngu laus við, svo sem kóleru eða blóðsótt (Cienski 2015). Nákvæm orð Kaczynski voru „Farandsfólk hefur nú þegar komið með sjúkdóma eins og kóleru og blóðsótt til Evrópu, ásamt „allskonar snýkudýrum og frumdýrum““⁸ (Cienski 2015). Forseti Póllands, Andrzej Duda var á sama máli og taldi mikilvægt að forgangsraða þannig að Pólverjar væru verndaðir fyrir mögulegum farsóttum sem flóttafólk bæri með sér. Ekki er tilviljun fyrir þessari samsvörun þeirra þar sem mennirnir tveir tilheyrðu sama flokknum á þessum tíma (Al Jazeera 2015).

Almenningur var almennt óánægður með komu flóttafólks og sýndu kannanir að einungis 8% Pólverja voru hlynnt því að taka á móti flóttafólki (Cienski 2015). Óánægður almenningur var næststærsti flokkurinn þegar verið var að rannsaka móttöku Pólverja á sýrlensku flóttafólki. Drjúgur hluti Pólverja trúði því að sýrlenskt flóttafólk myndi stela frá þeim vinnu og hafa lamandi áhrif á efnahag ríkisins, á meðan aðrir voru staðfastir í að þetta væru hryðjuverkamenn og myndu stefna Póllandi og Pólverjum í hættu. Samkvæmt rannsóknnum trúir „yfirgnæfandi meirihluti að flóttafólk sé að setla störfum frá pólverjum og að viðurvist þeirra sé að hafa skaðleg áhrif á efnahaginn“⁹ (Leszcznski 2015). Hryðjuverkaárásirnar í París 2015 kveiktu frekar undir andúð sem var stigvaxandi innan Póllands og ýtti undir aukið hatúr gegn fólki af arabískum uppruna, og þeir sem lentu verst í því voru Sýrlendingar. Þúsundir mótmæltu flóttafólki og tóku sumir upp á frekari ofbeldisfullum aðgerðum eins og að ráðast á moskur og mótmæla fyrir utan þær (Ojewska 2015b).

Minna var um skilningsríkan almenning og var stuðningur við flóttafólk lítill. Mestmegnis fór það fram þannig að fólk fordæmdi hatursfulla orðærðu og líkti viðbrögðum annarra við hvernig Hitler hefði talað um gyðinga á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar (Forest 2015). Einnig voru nokkrir þingmenn sem fordæmdu neikvæða orðræðu gagnvart flóttafólki (Cienski 2015), en fjöldinn virðist ekki hafa verið mikill þar sem almennt var samþykkt að Pólland myndi

⁸ Upprunalegur texti: „Migrants have already brought diseases like cholera and dysentery to Europe, as well as „all sorts of parasites and protoza“

⁹ Upprunalegur texti: „A vast majority believe that immigrants take work away from Poles and that their presence is detrimental for the economy.“

taka eins lítinn þátt í að taka við innflytjendum og komast mætti upp með. Hins vegar virtist vera undantekning ef um kristið flóttafólk var að ræða. Svo lengi sem flóttafólk aðhylltist kristna trú sýndist auðveldara fyrir það að sækja sér aðstoð og koma sér fyrir innan Póllands (Ojewska 2015b). Sem dæmi má taka „Einkarekið framtak undir nafninu Foundation Estera fékk samþykki frá pólskum yfirvöldum í júlí til að skipuleggja komu um það bil 150 kristinna sýrlendinga til Póllands. Fjölskyldunum hafa verið úthlutað til ýmisa kristna samfélaga til að hjálpa þeim að aðlagast¹⁰“ (Ojewska 2015b).

4.1.2 Sýrlenskt flóttafólk í Bretlandi

Móttökur í Bretlandi voru ólíkar viðbrögðum Póllands. Þáverandi forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, hét því að fimm ára áætlun Bretlands væri að taka á móti allt að 20.000 Sýrlendingum á flóttu, en var það samt töluvert minna en önnur Evrópuríki. Hins vegar hafa kannanir sýnt að Bretar voru almennt á móti því að taka á móti mikið fleirum, þar sem 57% prósent íbúa vildu 20.000 manns á flóttu eða færri til Bretlands. Oft hefur verið vitnað í mynd af barni sem druknaði í Miðjarðarhafinu við að reyna að komast til Evrópu, og töldu þátttakendur í könnuninni að stefna landsins hvað varðar flóttafólk hefði verið undir áhrifum af myndinni (Milliken 2015).

Bretland er, samkvæmt sýrlensku flóttafólki, mjög góður áfangastaður til að komast á þar sem meira umburðarlyndi er fyrir mismunandi trúarbrögðum. Einnig finnst þeim frjálslýndi og fjölmennig vera freistandi og gefa þeim frekari tækifæri til þess að komast á vinnumarkaðinn. Bretland er leið þeirra að svipuðu lífi og það bjó við fyrir stríðið. Þrátt fyrir tregðu til að taka á móti fleira fólki voru Bretar tilbúnir að taka vel á móti flóttafólki sem var að koma og höfðu margir boðist til þess að taka flóttabörn í fóstur eða taka inn fjölskyldur. Jákvætt viðhorf breyttist lítið eftir hryðjuverkaárásirnar í París og meirihluti Breta hafði samúð með flóttafólki. Hins vegar var einnig stór hópur fólks sem taldi að hryðjuverkamenn væru að dulbúa sig sem flóttafólk (Hardach 2015).

¹⁰ Upprunalegur texti: „A private initiative called Foundation Estera received approval from the Polish authorities in July to organise the arrival of more than 150 Christian Syrians to Poland. The Syrian families have been assigned to various Christian communities helping them assimilate“

4.1.2.1 Niðurstöður orðræðugreiningar

Þegar á heildina er litið hvað varðar móttöku og viðhorf Bretlands gagnvart sýrlensku flóttafólki, sýnir orðræðugreining töluvert jákvæðara viðhorf en í Póllandi. Meira var um flokkinn „gott, óheppið og sómasamlegt flóttafólk“ en við bættist annar flokkur sem kallast „einstakt viðhorf til vandamáls“. Hann snýst um viðhorf landsins til flóttafólks og hvar skyldur þeirra liggja hvað varðar það.

David Cameron útskýrði fyrir þinginu að Bretlandi bæri skylda til að hjálpa fólki sem hefði neyðst til að flýja heimili sín, hins vegar yrði landið ekki hluti af einhvers konar kvótakerfi um flóttafólk sem Evrópusambandið ynni að, þar sem það myndi grafa undan landamærum Bretlands og ýta undir að fleiri kæmu til landsins. Þau 20.000 sem ættu að koma til landsins kæmu á vegum Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og á þeim hraða sem stofnunin myndi vinna á (Wintour 2015). Bretland setti sig þannig í sömu raðir og margar Austur-Evrópuþjóðir gerðu hvað varðar móttöku á sýrlensku flóttafólki. Sú afstaða er sérstaklega einkennileg þar sem Bretland var talið vera með eitt sterkasta hagkerfi heimsins og gæti vel tekið á móti fólkinu. Einnig væri þetta stórt skref frá því hvernig landið hefur í gegnum tíðina tekið á móti flóttafólki (Witte og Adam 2015).

Breskur almenningur var, að meðaltali, almennt samúðarfullur gagnvart sýrlensku flóttafólki. Þemað „gott, óheppið og sómasamlegt flóttafólk“ var frekar algengt þegar farið var yfir fjölmiðlaumfjöllun. Töluvert var rætt um að Bretland ætti að taka á móti fleira flóttafólki og hafði stuðningurinn mikil áhrif á almenning. Til að mynda tók hópur dægurstjarna sig til, sendi opið bréf til Cameron, fordæmdi áætlun hans um hvað ætti að gera við sýrlenskt flóttafólk og taldi ekki nægilega mikið gert til þess að aðstoða það (Jenkins 2015). Bresk dagblöð fóru einnig að kalla eftir frekari aðgerðum í þágu sýrlensks flóttafólks. Hins vegar var það í kjölfar birtingar myndar af drukknun barni og, eins og rætt var fyrr í kaflanum, að Bretar brugðust við þeirri breytingu í umræðu á fremur neikvæðan hátt (Milliken 2015). Þrátt fyrir það voru háværir hópar fólks innan Bretlands sem mótmæltu því sem þeir töldu vera bág viðbrögð við þörfum sýrlensks flóttafólks, sem dæmi má nefna mótmæli Amnesty International. Hins vegar er vert að endurtaka að afstaða Bretlands og bresku ríkisstjórnarinnar til flóttafólks frá Sýrlandi sýndi að það var ekki mikill vilji til að taka inn eins mikið af sýrlensku flóttafólki og aðrar Vestur-Evrópuþjóðir og líktist helst þeim viðbrögðum

sem margar Austur-Evrópuþjóðir sýndu þegar taka átti á móti flóttafólki frá Sýrlandi (Witte og Adam 2015).

4.2 Úkraína

Til að skilja innrás Rússlands í Úkraínu 2022 er mikilvægt að fá samhengið frá Maidan-mótmælunum í Úkraínu 2013, og síðan innrás Rússlands í Úkraínu og innlimun Krímskaga sem rússnesks yfirráðasvæðis árið 2014. Árið 2013 tilkynntu þáverandi úkraínsk yfirvöld að þau myndu ekki undirrita samstarfssamning við Evrópusambandið og myndu rifta viðræðum. Vakti það mikla reiði hjá almenningi og út brutust mótmæli sem oft eru nefnd Maidan-uppreisnin, nefnd eftir Maidan-torginu í miðborg Kyiv. Þremur mánuðum eftir að mótmælin hófust fóru yfirvöld að bregðast við á ofbeldisfullan hátt og um 100 manns létust eftir að hafa verið skotin af leyniskyttum á vegum yfirvalda. Til að reyna að stöðva frekara ofbeldi og mannfall komu utanríkisráðherrar Frakklands, Póllands og Þýskalands saman í Úkraínu til að starfa sem sáttamiðlarar. Þáverandi forseti, Viktor Janúkovits, og leiðtogar stjórnarandstöðunnar komust að samkomulagi og flúði Janúkovits frá Kyiv (Pifer 2019).

Janúkovits var vel liðinn í Moskvu (Kingsley og Sommerland 2022) og stuttu eftir að hann flúði Kyiv var hann kominn til Rússlands, og ný yfirvöld í Úkraínu ákváðu að taka aftur upp viðræður um samvinnu við Evrópusambandið. Stuttu eftir það fóru vopnaðir rússneskir hermenn að leggja undir sig lykilstaði víðs vegar um Krímskaga. Yfirvöld í Kyiv ákváðu að þau vildu ekki vera fyrst til að grípa til vopna, þar sem mikilvægt væri að sýna að Rússland væri óvinurinn í þessu samhengi. Það tók ekki langan tíma fyrir rússneska herinn að yfirtaka skagann og efna til kosninga þar sem kosið var um að annaðhvort sameinast Rússlandi, eða hörfa aftur til stjórnarskrár Krímskaga frá 1992 sem gerði skagann að svo gott sem sjálfstæðu ríki. Ekki var í boði að kjósa um að vera áfram undir Úkraínu. Deilt er um lögmæti kosninganna þar sem skjöl sem láku frá Rússlandi sýndu að kjörsókn var einungis 30% og rétt svo helmingur af þeim sem kusu hefði kosið um að sameinast Rússlandi (Pifer 2020).

Ásamt innlimun Krímskaga byrjuðu rússnesk yfirvöld að styðja uppreisnarhópa í Donetsk og Luhansk héruðum Úkraínu. Þessir hópar voru fylgjandi rússneskum yfirvöldum og kölluðu eftir að héruðin yrðu sjálfstæð ríki (Kingsley og Sommerland 2022). Rússland byrjaði að styrkja herafra sinn meðfram landamærum Úkraínu árið 2021 og 21. febrúar 2022 viðurkenndu rússnesk yfirvöld sjálfstæði Luhansk og Donetsk og sendu inn her sem átti, samkvæmt Rússum, að sinna hlutverki friðargæslu innan ríkjanna (Al Jazeera 2022). Rússland hefur hagsmuni af að

ná Luhansk og Donetsk héruðum Úkraínu, svo sem greiðara aðgengi að Krímskaga og sjálfsmyndarpólítík Rússlands. Einnig vill Rússland tengsl við fyrrverandi sovéska svæði og íbúa sem skilgreina sig sem Rússa (Ellyatt 2022). Yfir 7,8 milljónir einstaklinga hafa flúið Úkraínu og eru flestir þeirra í Rússlandi, Póllandi eða Þýskalandi. Pólland er landið sem mest af flóttafólki kemur til að komast inn í Evrópu vegna landamæra sinna við Úkraínu (Statista 2022).

4.2.1 Úkraínskt flóttafólk í Póllandi

Viðhorf Pólverja til Rússlands hefur gjörbreyst í kjölfar innrásarinnar í Úkraínu og hefur andrússnenskur hugsunarháttur farið sem alda um landið og alla Austur-Evrópu. Á móti hefur Pólland tekið vel á móti flóttafólki frá Úkraínu, allt frá ríkisstjórn til almennra borgara hefur fólk látið sitt af mörkum til þess að aðstoða fólk á flótta frá Úkraínu. Almennt viðhorf til flóttafólks frá Úkraínu hjá Pólverjum er að þetta séu jafningjar þeirra. Sameiginleg saga, kynþáttur, menning og landafræði eru allt þættir sem spila inn í jákvætt viðhorf Póllands til Úkraínu. Sjálfstæði er erfitt viðfangs fyrir Austur-Evrópu þar sem sögulega séð hafa ríki þar sett á laggirnar og misst sjálfstæði sitt í gegnum tíðina. Með því að standa saman með fyrstu fórnarlömbum virðist því vera endurtekning sögunnar, með því sé Pólland að fyrirbyggja eigið fall, ýta undir samvinnu og tryggja öryggi sitt sem sjálfstætt ríki (Wigura og Kuisz 2022).

Viðbrögð Póllands hafa vakið heimsathygli, þar sem skjótar aðgerðir og auðvelt aðgengi að nauðsynjavörum hafa verið til fyrirmyndar. Strax í mars voru pólsk yfirvöld farin að leggja drög að áætlun um að fjármagna matvæli og tímabundið húsnæði fyrir flóttafólk ásamt að veita því tímabundið atvinnuleyfi innan Póllands (McVeigh 2022). Pólland hafði einnig þegar haft prufukeyrslu á móttöku úkraínsku flóttafólki þar sem um það bil milljón manns fór til Póllands við innlimun Krímskaga. Það flóttafólk fékk vinnu, aðlagðist samfélaginu frekar vel og skildi eftir sig jákvæð áhrif á pólskan almenning. Flóttafólk hefur fengið mikla aðstoð frá bæði ríkinu og almenningi og margir taka sér stöðu fósturfjölskyldu fyrir úkraínskt flóttafólk (Rice-Oxley 2022).

Eitt helsta vandamál sem Pólland stendur frammi fyrir með auknum fjölda flóttafólks er skortur á fjármagni til að halda áfram að styðja það. Bæjar- og borgarstjórar innan Póllands hafa ekki verið feimnir við að tilkynna bæði pólskum yfirvöldum og Evrópusambandinu að ef ætlast sé til þess að þau geti veitt viðunandi aðstoð, þá þurfi aukið fjármagn (Wanat 2022). Einnig eru margir Pólverjar að verða þreyttir, en ekki á flóttafólkinu eins og ætla mætti. Fólk er að verða þreytt á stöðu samfélagsins. Fyrirsjáanlegur skortur á félagslegum gæðum,

minnkað aðgengi að heilbrigðisþjónustu og húsnæðisskortur eru meðal vandamála sem nálgast óðfluga með auknum fjölda flóttafólks. Pólverjar vilja þess vegna meiri aðstoð við að byggja upp landið og stoðir til að styðja flóttafólk, en einnig pólskan almenning (Rice-Oxley 2022).

4.2.1.1 Niðurstöður orðræðugreiningar

Þrjú þemu voru afgerandi við greiningu á umræðu um móttöku úkraínsks flóttafólks í Póllandi; samúðarfullur almenningur, samúðarfull yfirvöld og einstakt viðhorf til vandamála. Undirflokkur af samúðarfull yfirvöld verður flokkurinn almenningsþjónusta, þar sem mikilvægt er að taka fram að með meiri samúð frá yfirvöldum fær flóttafólk að njóta góðs af og hefur auðveldara aðgengi að ýmissi almenningsþjónustu.

Samúð almennings í Póllandi gagnvart flóttafólki frá Úkraínu er yfirgnæfandi. Mest virðist vera að fólk láti heimili sín eða aukaíbúðir sem þau myndu venjulega leigja út til flóttafólks og hagræða lífi sínu töluvert (Pikulicka-Wilczewska 2022). Sjálfboðaliðar hafa einnig verið margir og sinnt mörgum og mikilvægum störfum við móttöku og upplýsingagjöf til flóttafólks (Wanat 2022; Rice-Oxley 2022). Þrátt fyrir mikla fólksfjölgun í stærri borgum Póllands hafa íbúar ekki þróað með sér andúð gegn flóttafólki. Í stað þess hefur upplýsingagjöf til flóttafólks verið eflað um að leita einnig til minni borga og bæja innan Póllands þar sem þeim verði tekið opnum örmum. Úkraínskt flóttafólk getur gengið að vísum stuðning hjá almenningi í Póllandi, þar sem úkraínski fáninn er víða í búðum og gluggum og virðist jákvætt viðhorf almennings ekki fara minnkandi (Fallon 2022).

Bæði svæðis- og ríkisyfirvöld Póllands hafa brugðist hratt við auknum fjölda flóttafólks og reynt að breyta öllum mögulegum rýmum í svefnpláss og aðstöðu fyrir flóttafólk frá Úkraínu, en úr takmörkuðum gæðum er að velja (Pikulicka-Wilczewska 2022). Hins vegar hafa yfirvöld í Póllandi sett af stað áætlun til þess að auka fjármagn sem er eyrnamerkt sérstaklega fyrir flóttafólk, til að byggja upp húsnæði og veita almenningsþjónustu (McVeigh 2022). Almenningsþjónusta á borð við sprautur fyrir börn með aðstoð Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna 2022), aðgengi að ókeypis menntun og barnabætur (Wanat 2022) býðst flóttafólki frá Úkraínu og eru upplýsingar mjög aðgengilegar.

Seinasta ríkjandi þemað sem fannst við greiningu á móttöku Póllands á úkraínsku flóttafólki er, eins og áður hefur komið fram, einstakt viðhorf til vandamála. Pólland sló met Þýskalands frá 2015 um móttöku fjölda flóttafólks, þar sem Þýskaland tók á móti um það bil

einni milljón yfir eitt ár, en Pólland hefur tekið við töluvert meiri fjölda og á skemmri tíma. Vegna fjöldans stendur landið frammi fyrir töluvert mörgum vandamálum, svo sem skorti á fjármagni og innviðum (Rice-Oxley 2022). Hins vegar virðist ekki koma til greina að taka á móti færra flóttafólki og hefur það heldur ekki verið eftirtektarverð umræða innan Póllands. Frekar hefur verið rætt um hvernig hægt sé að bæta landið til þess að geta rúmað fjöldann.

4.2.2 Úkraínsk flóttafólk í Bretlandi

Móttaka Breta á úkraínsku flóttafólki hefur, rétt eins og árið 2015, verið ólík viðbrögðum Póllands. Hins vegar hefur ekki verið gífurlega mikill munur á móttöku á úkraínsku og sýrlensku flóttafólki. Þó er einn lykilmunur á hvernig viðbrögð þjóðanna hafa verið. Bresk yfirvöld leituðu til almennings til að hýsa úkraínskt flóttafólk. Sett var á laggirnar stuðningskerfi¹¹ sem átti að hjálpa fólki sem hafði engin fyrri tengsl við Bretland, svo sem í gegnum ættingja, að fá stuðning frá einstaklingum eða stofnunum með því að bjóða upp á herbergi eða íbúð. Andstæða við þetta væri síðan fjölskyldukerfið¹², sem leyfir fjölskyldumeðlimum breskra ríkisborgara að setjast að í Bretlandi (Taylor 2022).

Heimili fyrir Úkraínu¹³ var annað átak sem bresk yfirvöld settu af stað fyrir úkraínskt flóttafólk þegar það fór fyrst að koma til landsins. Þar var flóttafólk parað saman við breska gestgjafa sem myndu hýsa það í allt að sex mánuði (Bryant og Townsend 2022). Hins vegar standa bresk yfirvöld frammi fyrir vandamáli þegar þessir sex mánuðir eru liðnir og fleira úkraínskt flóttafólk þarf að skrá sig sem heimilislaut. Ríkisstjórn Boris Johnson, þáverandi forsætisráðherra Bretlands til 6. september 2022, fékk á sig mikla gagnrýni fyrir viðbrögð sín, bæði fyrir að draga móttöku flóttafólks á langinn og skilja einkaframtakið, svo sem fyrirtæki og einstaklinga, eftir með mestu erfiðisvinnuna við að aðstoða flóttafólk (Rasmi 2022).

4.2.2.1 Niðurstöður orðræðugreiningar

Erfiðara er að greina og finna flokka í viðbrögðum Bretlands og hjá breskum almenningi gagnvart úkraínsku flóttafólki. Þrátt fyrir það voru tveir flokkar sem stóðu upp úr; samúðarfullur almenningur og samúðarfull yfirvöld. Almenningsþjónusta, flokkur sem er undir

¹¹ Upprunalegt heiti: „Sponsorship scheme.“

¹² Upprunalegt heiti: „Family scheme.“

¹³ Upprunalegt heiti: „Homes for Ukraine scheme.“

samúðarfullum yfirvöldum, var hins vegar töluvert meira áberandi en áður í fyrri orðræðugreiningu ritgerðarinnar. Breska þingið gaf út yfirlýsingu þar sem það „þakkar í dag breskum almenning fyrir göfuglyndi og velvild eftir að yfir 100.000 úkraínskt flóttafólk hefur fengið inn á heimili í Bretlandi eftir að hafa komið í gegnum Úkraínukerfin tvö“ (Breska þingið 2022)¹⁴. Í sömu tilkynningu fara yfirvöld í gegnum hvernig þau sjálf höfðu hjálpað úkraínsku flóttafólki með eftirfarandi texta

„Síðan í byrjun vors, hefur ríkisstjórnin hagrænt vegabréfsáritunarferlinu til að tryggja fólki öryggi eins fljótt og hægt er og hefur unnið hönd í hönd með sveitastjórnnum og samfélagshópum til að tryggja að fólk frá Úkraínu njóti fullan stuðnings meðan þau aðlagast lífi sínu í Bretlandi“ (Breska þingið 2022)¹⁵.

Almenningsþjónusta tekur einnig á sig aðra mynd þar sem mjög algengt var í orðræðugreiningunni að rekast á umfjöllun um hvernig þær bjargar sem gerðar voru fyrir flóttafólk frá Úkraínu voru að renna út eða hefðu ekki gengið eins og ætlast var til. Rætt verður nánar um það hér á eftir. Einnig er mikilvægt að taka fram að þó að samúðarfull yfirvöld og almenningur séu tveir meginflokkarnir, þá virðist vera við fyrstu sýn orðræðugreiningarinnar að sú samúð sé takmörkuð og skilyrðum háð.

Á opinberri síðu breska þingsins er að finna yfirlýsingu frá 28. júlí 2022 sem segir að alls 100.000 manns á flótta frá Úkraínu hafi verið þöruð saman við gestgjafa. Þökk sé góðgerðarstofnunum, trúarhópum, fyrirtækjum og þvíumlíku hafi móttaka úkraínsks flóttafólks gengið smurt fyrir sig (Breska þingið 2022). Fjöldinn geti aukist, en ýmsar tafir séu á leið flóttafólks sem hefur ekki ættingja innan Bretlands. Einnig fékk fólk sem flúði til Bretlands ekki sömu gæði eins og það sem fór til landa innan Evrópusambandsins (Lawless 2022). Hins vegar hefur það breyst og hefur flóttafólk frá Úkraínu aðgengi að vinnu í allt að þrjú ár, aðgengi að heilbrigðisþjónustu, framfærslustyrkjum og skólum (BBC 2022).

¹⁴ Upprunalegur texti „The government has thanked the British public for their generosity and goodwill today after more than 100,000 people from Ukraine have now been welcomed into homes across the UK after arriving through the two Ukraine visa schemes.“

¹⁵ Upprunalegur texti „Since early spring, government has streamlined the visa application system to get people to safety as soon as possible, and worked hand in hand with councils and community groups to ensure people from Ukraine are fully supported as they adjust to life in the UK.“

Samúð almennings virðist enn vera til staðar upp að vissu leyti en ekki eins mikil og í Póllandi ef löndin tvö eru borin saman. Mikið hefur verið fjallað um að gestgjafafjölskyldur hafi vantað, eftir að sex mánuðir voru liðnir frá því að fólkið kom. Svo virðist vera að spenna myndist auðveldlega á milli flóttafólks og gestgjafa og þar sem flóttafólk er mikið upp á aðra komið er lítið af björgum í boði og enda margir heimilislausir (Sebastian og Graham-Yooll 2022).

5 Umræður

5.1 Mannöryggi sýrlensks flóttafólks

Þegar móttaka Póllands á flóttafólki frá Sýrlandi er skoðuð blasir við það sem virðist vera skýrt brot á mannöryggi hópsins. Almenn andstaða við komu flóttafólks frá Sýrlandi, eins og greint hefur verið frá hér að framan, bæði frá almenningi og yfirvöldum, var augljós og birtist í mörgum myndum. Hins vegar, þegar litið er á heildarmynd framkomu pólskra yfirvalda gagnvart flóttafólki, þá hafði það aðgengi að gæðum sem fylgja stöðlum þróunarskýrslunnar frá 1994; aðgengi að matvælum, heilsugæslu og efnahagslegt öryggi í formi þess að geta fengið vinnuleyfi innan Póllands. Þess má þó gæta að það öryggi sem Pólland veitti því flóttafólki var, virðist vera, yfirborðskennt að mestu leyti. Pólsk yfirvöld voru mjög skýr um að þau vildu ekki flóttafólk sem væri múslimar, þar sem áróður um múslima sem hryðjuverkamenn fór sem eldur í sinu þökk sé hægri væng pólskra stjórn málaflókka. Það var einnig árið 2015 þar sem Prawo i Sprawiedliwość, stjórn málaflokkur á hægri vængnum í Póllandi, vann sigur í þingkosningum og sendi skýr skilaboð um hvar landið stæði hvað varðar flóttafólk. Flokkurinn, sem lagði sterka áherslu á efa varðandi aðild Póllands í Evrópusambandinu og mikilvægi kaþólskra gilda, var í samræmi við popúlíska þróun í Evrópu líkt og hafði áður gerst í Ungverjalandi með Viktor Orban í sæti forsætisráðherra (Narkowics 2018, 357-358).

Flóttafólk snertir alþjóðasamfélagið og ber löndum skylda til að aðstoða þá sem sækjast eftir vernd. Pólland hefur verið sakað um að velja einungis það flóttafólk sem myndi falla hvað best að meirihluta þjóðarinnar, það er kristið fólk. Með þessari aðgreiningu flóttafólks, þar sem einn hluti hópsins er talinn ákjósanlegri en annar, er verið að svipta hinn hópinn tækifærinu til þess að upplifa frelsi frá ótta og frelsi frá skorti. Sama hins vegar gerist ekki með hóp úkraínska flóttafólksins.

Móttaka sýrlensks flóttafólks í Bretlandi var skárri en upplifun flóttafólks í Póllandi, en ekki er hægt að halda fram að bresk yfirvöld hafi gengið langt í að reyna að veita aðstoð. Einnig var almenn tregða meðal yfirvalda innan Bretlands til að taka inn mikinn fjölda flóttafólks sem endurspeglar einmitt viðmót hjá pólskum yfirvöldum á þessum tíma. Þannig hafa bresk yfirvöld sett sig í sama flokk og pólsk, að víkja sér undan skyldum sínum gagnvart alþjóðasamfélaginu og sviptingu flóttafólks til að geta upplifað frelsi frá ótta og frelsi frá skorti.

Afstaða bresks almennings er hins vegar ekki að öllu leyti í samræmi við ákvörðun og gjörðir yfirvalda. Almenningsur hafði hlutfallslega séð almennt meiri samúð með sýrlensku

flóttafólki. Hins vegar var meirihluti almennings á móti því að fleira flóttafólk yrði tekið inn en vildi samt sem áður að sá fjöldi sem yrði tekinn inn fengi þörfum sínum mætt á viðunandi hátt. Breskur almenningur aðskilur sig frá yfirvöldum með því að kalla eftir björgum fyrir sýrlenskt flóttafólk, en ekki með því að mótmæla að færri flóttafólk sé tekið inn frekar en fleira. Yfirvöld og almenningur sameinuðust þar um að fjöldinn væri réttur, ef ekki mætti hann vera lægri. Þannig ýtti almenningur undir að betur mætti hlúa að mannöryggi einungis ákveðins hóps flóttafólks, þess sem komst til Bretlands. Spurningar vakna þó um hvort sama viðhorf hefði verið ef fleiri hefðu komið til landsins.

5.2 Mannöryggi úkraínskis flóttafólks

Móttaka flóttafólks frá Úkraínu í Póllandi hefur verið algjör andstæða við móttöku sýrlensks flóttafólks. Náungakærleikur og hjálpsemi geta best lýst hvernig tekið var á móti þeim. Pólskur almenningur þyrptist saman til þess að veita aðstoð og bjóða heimili sín, tíma og margt fleira. Mikið var lagt upp úr að úkraínskt flóttafólk gæti upplifað frelsi frá skorti, og upp að vissu marki þarf flóttafólk frá Úkraínu ekki að upplifa ótta af að vita ekki hvar það mun þurfa að sofa næstu nótt eða hvernig það getur aðlagast samfélaginu. Sú vinna í að tryggja þeim lífsgæði er þegar í gangi hjá Pólverjum.

Yfirvöld í Póllandi voru einnig fljót að bregðast við auknum fjölda fólks sem flúði til landsins. Jákvætt viðhorf og samúð var ríkjandi viðhorf í viðbrögðum yfirvalda. Ráðist var strax í framkvæmdir og áætlanir til þess að geta tekið vel á móti því flóttafólki sem kom, og jafnvel þegar yfirvöld þurftu að takast á við vandamál eins og skort á fjármagni kom aldrei til greina að taka á móti færri fólki. Yfirvöld fóru frekar í þá átt að krefjast þess að Evrópusambandið myndi styrkja landið meira til þess að geta staðið undir fólksfjölguninni. Tekið hefur verið á þeim þáttum sem tengjast beint mannöryggi og hefur verið ráðist í aðgerðir til þess að flóttafólk geti upplifað frelsi frá skorti. Frelsi frá ótta er almennt erfiðara að tryggja, þar sem flóttafólk frá Úkraínu sem náð hefur til Póllands þarf ekki að óttast mikið um eigið öryggi, en öryggi ástvina, lands síns og þjóðar er annað áhyggjuefni sem ekki er hægt að tryggja.

Móttaka úkraínskis flóttafólks í Bretlandi og trygging á mannöryggi þess virðist vera á svipuðum stað og þegar sýrlenskt flóttafólk kom fyrst til Bretlands. Móttaka og viðhorf stjórnvalda voru einkennileg þar sem aðgengi er veitt að grunnþjónustu, svo sem með vinnuleyfi, aðgengi að heilbrigðisþjónustu og skólum, en einnig er mikið lagt á almenning. Það

fjölskyldukerfi sem gert var fyrir úkraínsk flóttafólk reiddi sig mjög á almenning í stað þess að geta sett af stað kerfi til þess að ýta undir og styðja sjálfstæði fólksins.

Afleiðingar þess að bresk yfirvöld komu svona miklum skyldum yfir á breskan almenning var meira neikvætt viðhorf til flóttafólks frá almenningi, og minna öryggi fyrir flóttafólk. Þar sem mikil ábyrgð var sett á almenning til að hjálpa úkraínsku flóttafólki að aðlagast, setti það mikla streitu á íbúa sem tók flóttafólk að sér. Útkoman var riftun á samningi um að hýsa flóttafólk, eða afþökkun á að framlengja samning til að hafa það lengur inni á heimilum sínum. Þar af leiðandi hefur mikill fjöldi úkraínsks flóttafólks þurft að skrá sig sem heimilislaust. Samkvæmt Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna (2016) er heimilisleysi brot á 1. og 22. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna þar sem það brýtur á réttindum til mannlegrar reisnar. Vegna tengingar mannréttinda og mannöryggis er óumdeilanlegt að þegar brotið er á mannréttindum einstaklinga, þá er einnig verið að brjóta á mannöryggi þeirra. Þar sem heimilisleysi úkraínsks flóttafólks innan Bretlands eykst, er hvorki verið að tryggja frelsi frá ótta né frelsi frá skorti.

5.3 Sameiginlegir þættir

Móttaka þessara tveggja hópa hefur að einhverju leyti verið ólík, en samt sem áður eru þeir ekki það ósvipaðir þegar litið er á ástæðu þeirra fyrir að flýja heimaland sitt og þarfir þeirra. Báðir hópar eru að flýja harmleik sem er að gerast í heimalandinu. Sýrlendingar flýja einræði forseta sem lætur ekki mótmæli líðast gegn sér eða valdi sínu. Fólk frá Úkraínu er að flýja óvænta innrás á vegum einræðisforseta sem dregur í efa sjálfstæði heimalands þeirra, þvert á skoðun alþjóðasamfélagsins.

Annar sameiginlegur þáttur milli hópanna tveggja er líklegast sá mikilvægasti miðað við greiningu þessarar ritgerðar; að báðir hóparnir hafa misst mannöryggi sitt. Nálgun þeirra á almenningsþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, skóla og vinnu er að einhverju leyti tryggt, en upp að hvaða marki? Ótti og skortur hrjáir enn þessa hópa að einhverju leyti, en minnst fer fyrir honum hjá úkraínsku flóttafólki í Póllandi. Það er þó hægt að segja að flóttafólk frá Úkraínu sem er í Póllandi hafi endurheimt mannöryggi sitt, en nánar verður farið út í það síðar.

Báðir hópar flóttafólks eiga það sameiginlegt að vita ekki hvar endirinn er. Þau deila óöryggi um að vita ekki örlög sín eða hvar þau muni að lokum enda. Tímabundið starfsleyfi og gestrisni íbúa Póllands og Bretlands mun á endanum taka enda, og þá er ekki víst hvað tekur við, eins og staðan er nú. Óvissan vekur ótta hjá flóttafólki, hann hefur margvísleg áhrif og ekki

einn hópur fram yfir annan sem hefur meiri áhyggjur. Fremur eru þetta tveir hópar sem eiga það sameiginlegt að óttast afdrif lands síns, menningar, fjölskyldu og vina.

Hins vegar eru það ekki sameiginlegir þættir þeirra sem gera að verkum að Bretland og Pólland bregðast við þeim með mismunandi hætti, sem er einkennilegt vegna þess að þarfir þessara tveggja hópa eru í raun þær sömu. Báðir þessir hópar hafa neyðst til þess að flýja heimaland sitt og þurfa að hafa stöðugleika í lífi sínu, aðgengi að almenningþjónustu, að geta stundað menningu sína og endurheimt reisu sína eins og hægt er. Þarfir flóttafólks eru ekki mismunandi þótt það komi frá mismunandi bakgrunni, þar sem einstaklingar allir eiga rétt á mannöryggi og ber ríkjum skylda til þess að tryggja íbúum sínum það.

5.4 Aðgreinandi þættir

Eitthvað hlýtur þó að aðskilja þessa tvo hópa til að kalla fram mismunandi viðbrögð í Bretlandi og Póllandi. Hins vegar gefur kaflinn hér að framan í skyn að þarfir þessara tveggja hópa séu ekki ólíkar. Ástæðan fyrir ólíkri móttöku þessara tveggja hópa hlýtur þá að liggja annars staðar, en því miður gæti svarið einfaldlega verið rasismi og öðrun. Bæði er hindrun þegar tryggja á mannöryggi einstaklinga.

David De Coninck (2022) gerði rannsókn þar sem hann bar saman viðbrögð Evrópu við flóttafólki frá Afganistan og Úkraínu. Þar benti hann á nokkrar ástæður af hverju Evrópa, þar á meðal Pólland og Bretland, brugðust svo ólíkt við. Telja má að hægt sé að nýta þessa rannsókn til þess að skilja viðbrögð við sýrlensku flóttafólki. Bæði Afganistan og Sýrland eru ekki í Evrópu og er meirihluta íbúa múslimar, sem er lykilatriði í rannsókn De Coninck.

Rannsókn De Connick var fyrst og fremst á fólki frá Afganistan og snertir ekki á sýrlensku flóttafólki, en tel ég samt sem áður að hægt sé að nota sömu niðurstöður og hann fékk um af hverju flóttafólk frá Sýrlandi fékk öðruvísi móttökur en flóttafólk frá Úkraínu. Slæma móttöku á flóttafólki frá Afganistan má rekja til skynjaðar ógnar sem fylgdi því vegna öðruvísi menningar, trúarbragða eða gilda (De Coninck 2022, 3). Með öðrum orðum þá skynjuðu yfirvöld innan Evrópu að með því að taka inn margt flóttafólk frá Afganistan, og einnig Sýrlandi, væri mannöryggi Evrópubúa stefnt í hættu. Sama er ekki hægt að segja um flóttafólk frá Úkraínu, þar sem gildi þeirra og menning eru ekki það frábrugðin öðrum Evrópuríkjum. Kannanir hafa einnig sýnt að Evrópubúar finna fyrir meira öryggi gagnvart fólki sem hefur flutt frá öðru Evrópuríki en manneskju sem kemur frá landi utan Evrópu (De Coninck 2022, 3). Til þess að geta gengið inn í Evrópusambandið þurfa umsóknarríki að uppfylla

Kaupmannahafnarviðmið um að vera lýðræðisríki og tryggja meðal annars mannréttindi (Evrópuvefurinn 2011). Út frá þessum viðmiðum geta íbúar Evrópu að minnsta kosti tryggt, að eigin mati, að fólk sem flytur innan Evrópu haldi uppi sömu eða svipuðum gildum og þegar tíðkast hvað varðar mannréttindi og mannöryggi. Eins og áður hefur verið tekið fram var Úkraína að undirbúa aðildarviðræður við Evrópusambandið og má þannig telja að hún aðhyllist evrópsk gildi.

Sameiginleg menningarleg gildi milli Úkraínu og annarra Evrópuríkja sjást einnig í öðrum þáttum sem ýta undir ólíka hegðun gagnvart úkraínsku flóttafólki (De Coninck 2022, 5) og síðan sýrlensku. Evrópuríki líta ekki á allt flóttafólk sem jafnt, og kjósa frekar að mismuna á grunni til dæmis kynþáttar til að ákveða hver á þá skilið meiri aðstoð, hver á skilið að vera lengur innan landamæra (De Coninck 2022, 6) og þar með eiga tækifæri til þess að geta endurheimt mannöryggi sitt. Þetta birtist hvað skýrast í móttöku Póllands á sýrlensku og úkraínsku flóttafólki. Greinilegt er að annar hópurinn fékk betra viðmót og átti meiri rétt, samkvæmt Póllandi, á dvöl sem kæmist næst því að vera þeirra gamla líf. Það hefur valdið því að annar hópurinn hefur takmarkaðra aðgengi að mannöryggi sínu að miklu leyti. Einnig með því að líta niður á menningu og gildi annars hópsins er verið að neita þeim aðgengi að einmitt þeirri menningu. Skoðanir um að ákveðin menning sé annarri æðri og ákjósanlegri en önnur er neikvæður hugsunarháttur. Einnig er það brot á mannöryggi einstaklinga ef þeim er meinaður aðgangur að góðu lífi einungis út af menningu þeirra.

Úkraínskt og sýrlenskt flóttafólk kemur frá mismunandi menningu og bakgrunni, en sameiginlegir þættir þessara tveggja hópa sem flóttafólks vega meira en hvaðan þau koma. Þau koma til lands með lítil fjárráð, vita ekki hvert þau stefna eða hvað tekur við næst. Hins vegar er litið á annan hópin sem betri og ýtir það undir ósanngirni gagnvart hinum. Báðir hóparnir hafa hins vegar ekki mismunandi þarfir og er mannöryggi þeirra stefnt í frekari hættu ef byrjað er á að skipta þeim upp og líta á þá sem tvo ólíka hópa.

6 Lokaorð

Þörfin til að finna fyrir öryggi tengir allt mannkynið saman. Við viljum vita að við getum farið að sofa viss um að ekkert slæmt sé að fara að koma fyrir okkur, að við höfum aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu og að við getum nálgast menningu okkar. Í grunninn viljum við öll upplifa frelsi frá ótta og frelsi frá skorti. Hins vegar er það ekki raunin og er heimurinn hættulegur staður sem sífellt ógnar öryggi okkar á einhvern hátt. Sú óvissa að geta ekki treyst alþjóðasamfélaginu til að passa upp á þessi grunnatriði er ógnvekjandi og enginn þekkir þá tilfinningu betur en flóttafólk.

Þessi ritgerð hafði það markmið að svara spurningunni „Hvernig hefur Bretlandi og Póllandi tekist að tryggja mannöryggi flóttafólks frá Sýrlandi og Úkraínu?“ Niðurstöður sýna fram á að löndin tvö hafa tryggt öryggi hópanna upp að vissu marki. Til nánari skoðunar er best að athuga hvernig löndin hafa tryggt mannöryggi. Pólland tryggði sýrlensku flóttafólki algjöran grunn af mannöryggi, aðgengi að atvinnu, heilbrigðisþjónustu og skóla. Hins vegar gerði neikvætt viðhorf frá almenningi og yfirvöldum það að verkum að flóttafólk frá Sýrlandi gat ekki upplifað sig fullkomlega öruggt. Sérstaklega á það við þar sem mótmæli og ofbeldi frá almenningi voru áberandi þegar sýrlenskir flóttamenn komu fyrst til landsins árið 2015. Sama er ekki hægt að segja varðandi flóttafólk frá Úkraínu sem kom til Póllands. Mjög jákvætt viðhorf og mikil aðstoð handa flóttafólki var þá einkennandi fyrir Pólland og sló landið til að mynda met í móttöku flóttafólks meðal Evrópuþjóða. Mannöryggi flóttafólks frá Úkraínu í Póllandi kemst líklegast næst því að vera eins og það var fyrir innrás Rússlands. Bretland var í tiltölulega meira samræmi við sjálft sig þegar tekið var á móti flóttafólki frá Sýrlandi og Úkraínu. Þó virðist vera að úkraínsk flóttafólk hafði fengið örlítið meiri aðstoð frá breskum yfirvöldum en sýrlenskt flóttafólk til að byrja með. Grunnurinn að mannöryggi er tryggður innan Bretlands og er frelsi frá skorti tryggt upp að vissu marki. Hins vegar virðist úkraínsk flóttafólk þurfa að þjást vegna slæms skipulags breskra yfirvalda á að koma þeim fyrir hjá gestafjölskyldum sem myndu síðan henda þeim út. Yfirvofandi heimilisleysi virðist vera vandamál sem hrjáir úkraínsk flóttafólk fremur en sýrlenskt flóttafólk þannig að frelsi þeirra frá ótta virðist tapast, þeim að óvörum. Flóttafólk frá Úkraínu stendur þannig frammi fyrir töluverðri óvissu, og mannöryggi þeirra er því ógnað. Sýrlenskt flóttafólk innan Bretlands lenti ekki í sömu hremmingum, en hins vegar var flóttafólk frá Sýrlandi töluvert færri en frá Úkraínu sem sýnir að bresk yfirvöld litu á það sem einhvers konar ógn við öryggi bresks samfélags.

Mannöryggiskenningin er, eins og komið hefur fram áður, fremur óljós kenning þar sem engin skýr skilgreining á henni er til. Þess vegna er frekar huglægt að meta hvar mörk kenningarinnar liggja, það er að segja hvað er ásættanlegt mannöryggi. Það sem pólsk og bresk yfirvöld telja ásættanlegar aðgerðir til að tryggja mannöryggi flóttafólks gæti verið þvert á það sem til að mynda sænsk eða þýsk yfirvöld telja ásættanlegt. Takmarkanir ritgerðarinnar liggja þá hvað helst í kenningunni sjálfri, þar sem ekki er eitt fast form sem hægt er að fylgja til að rannsaka hversu vel mannöryggi hópanna tveggja hefur verið tryggt. Einnig felst ákveðin takmörkun í að tímabilið sem verið er að rannsaka er einungis eitt ár fyrir hvorn hópinn. Ef lengra tímabil hefði verið mögulegt, hefði það líklegast sýnt mismunandi hliðar á hvernig Pólland og Bretland takast á við flóttafólk og fært aukin smáatriði sem gætu upplýst frekar ákvarðanatöku og hegðun yfirvalda og almennings.

Aukin rannsókn á smáatriðum væri hins vegar mjög áhugavert viðfangsefni. Skoða mætti hlutfall kynja og aldursbil þeirra sem komu inn í löndin og þeirra sem fengu samþykkt landvistarleyfi. Einnig væri áhugavert að skoða einungis annan hópinn fyrir sig yfir lengra tímabil. Ef skoðað væri til að mynda 10 ára tímabil sýrlensks flóttafólks innan Póllands gæti það sýnt mismunandi hugarfar meðal almennings frá byrjun komu flóttafólks, en gæti einnig sýnt fram á sama hugarfar. Býður það þá einnig upp á rannsókn um hvað orsakar andúð innan Póllands gegn flóttafólki frá Mið-Austurlöndum. Einnig væri áhugavert að skoða hlutverk fjölmiðla hvað varðar umfjöllun á átökum innan landanna sem fjallað er um. Töluvert var fjallað um Úkraínu í vestrænum fjölmiðlum en minna um Sýrland. Hafði það áhrif á hvernig Evrópa brást við flóttafólkinu? Eða eru fjölmiðlar með ekki sama vald og talið er? Einhverjir af þessum þáttum bjóða upp á frekari rannsóknir þar sem efnið er vítt og getur kenningin verið túlkuð á marga mismunandi vegu.

Heimildaskrá

- Al Jazeera. 2015. „Poland’s President Warns of Refugees Bringing Epidemics“. 18. október 2015. <https://www.aljazeera.com/news/2015/10/18/polands-president-warns-of-refugees-bringing-epidemics>.
- Al Jazeera. 2018. „Syria’s War Explained from the Beginning“. 2018. <https://www.aljazeera.com/news/2018/4/14/syrias-war-explained-from-the-beginning>.
- Al Jazeera. 2022. „Six Months of Russia’s War in Ukraine, Explained in Maps“. 23. ágúst 2022. <https://www.aljazeera.com/news/longform/2022/8/23/russia-ukraine-war-after-six-months-explained-in-maps>.
- Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. 2022. „Rebuilding the Lives of Ukrainian Refugees in Poland“. 2022. <https://www.unicef.org/stories/rebuilding-lives-of-ukrainian-refugees-in-poland>.
- Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. 2022. „Syrian Refugees Appeal“. 2022. <https://www.unicef.org/appeals/syrian-refugees>.
- Baylis, John, Steve Smith, og Patricia Owens, ritstj. 2017. „The Globalization of World Politics: An introduction to international relations“. Í, 7. útg. Oxford: Oxford University Press.
- BBC. 2022. „How Many Ukrainian Refugees Are There and Where Have They Gone?“ *BBC News*, 28. júlí 2022, hl. World. <https://www.bbc.com/news/world-60555472>.
- Bellamy, Alex J., og Matt McDonald. 2004. „Securing international society: towards an English school discourse of security“. *Australian Journal of Political Science* 39 (2): 307–30. <https://doi.org/10.1080/1036114042000238537>.
- Benedek, Wolfgang. 2008. „Human Security and Human Rights Interaction“. *International Social Science Journal* 59 (s1): 7–17. <https://doi.org/10.1111/j.1468-2451.2008.00630.x>.
- Breska þingið. 2022. „100,000 Ukrainians Welcomed to Safety in the UK“. GOV.UK. 28. júlí 2022. <https://www.gov.uk/government/news/100000-ukrainians-welcomed-to-safety-in-the-uk>.
- Bryant, Miranda, og Mark Townsend. 2022. „50,000 Ukrainian Refugees in UK Facing Homelessness ‘Disaster’ next Year“. *The Observer*, 28. ágúst 2022, hl. World news. <https://www.theguardian.com/world/2022/aug/28/50000-ukrainian-refugees-in-uk-facing-homelessness-disaster-next-year-homes-for-ukraine>.
- Ciensi, Jan. 2015. „Migrants Carry ‘Parasites and Protozoa,’ Warns Polish Opposition Leader“. *POLITICO* (blog). 14. október 2015. <https://www.politico.eu/article/migrants-asylum-poland-kaczynski-election/>.
- Collins, Allan, ritstj. 2019. „Contemporary Security Studies“. Í, 5. útg. Oxford: Oxford University Press.

- De Coninck, David. 2022. „The Refugee Paradox During Wartime in Europe: How Ukrainian and Afghan Refugees Are (Not) Alike“. *International Migration Review*, ágúst, 01979183221116874. <https://doi.org/10.1177/01979183221116874>.
- Ellyatt, Holly. 2022. „Battle for Donbas: 3 Reasons Why Russia Is Shifting Its War Machine to East Ukraine“. CNBC. 19. apríl 2022. <https://www.cnbc.com/2022/04/19/why-does-russia-want-the-donbas-region-so-much.html>.
- Evrópuvefurinn. 2011. „Kaupmannahafnarviðmið“. Evrópuvefurinn. 15. desember 2011. <http://www.evropuvefur.is/svar.php?id=61460>.
- Fallon, Katy. 2022. „Polish Mayors Warn Cities Reaching Capacity as Ukrainian Arrivals Rise“. *The Guardian*, 14. mars 2022, hl. Global development. <https://www.theguardian.com/global-development/2022/mar/14/ukrainian-refugees-polish-mayors-warn>.
- Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. 2010. „Convention and protocol relating to the status of refugees“. Genf: Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.
- Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. 2011. „The 1951 Convention Relating to the Status of Refugees and Its 1967 Protocol“. Genf: Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.
- Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. 2017. „What Is a Refugee?“ UNHCR. 2017. <https://www.unhcr.org/what-is-a-refugee.html>.
- Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. 2021. „Syria Refugee Crisis – Globally, in Europe and in Cyprus“. UNHCR Cyprus. 18. mars 2021. <https://www.unhcr.org/cy/2021/03/18/syria-refugee-crisis-globally-in-europe-and-in-cyprus-meet-some-syrian-refugees-in-cyprus/>.
- Forest, Danielle. 2015. „Poland to Accept 5,000 Refugees: A Summary of Events“. *The Krakow Post* (blog). 24. september 2015. <http://www.krakowpost.com/10477/2015/09/poland-to-accept-5000-refugees>.
- Hanlon, Robert J., og Kenneth Christie. 2016. *Freedom from Fear, Freedom from Want: An Introduction to Human Security*. University of Toronto Press.
- Hardach, Sophie. 2015. „London calling: English-speaking Syrians see UK as multicultural haven“. 29. nóvember 2015. <http://america.aljazeera.com/articles/2015/11/29/london-calling-english-speaking-syrian-refugees-to-multicultural-haven.html>.
- Heinbecker, Paul. 2000. „The Concept of Human Security: A Canadian View“. *The RUSI Journal* 145 (6): 27–31. <https://doi.org/10.1080/03071840008446585>.
- Hirsch Ballin, Ernst, Huub Dijstelbloem, og Peter de Goede. 2020. „The Extension of the Concept of Security“. Í *Security in an Interconnected World: A Strategic Vision for Defence Policy*, 13–39. Research for Policy. Cham: Springer International Publishing. https://doi.org/10.1007/978-3-030-37606-2_2.

- Hsien-Li, T. 2010. „Not Just Global Rhetoric: Japan’s Substantive Actualization of Its Human Security Foreign Policy“. *International Relations of the Asia-Pacific* 10 (1): 159–87. <https://doi.org/10.1093/irap/lcp014>.
- Jaeger, Gilbert. 2001. „On the History of the International Protection of Refugees“. *International Review of the Red Cross* 83 (843): 727–38. <https://doi.org/10.1017/S1560775500119285>.
- Jenkins, Ciaran. 2015. „Syrian Refugee Crisis: Britain Isn’t Helping“. Channel 4 News. 29. janúar 2015. <https://www.channel4.com/news/syrian-refugee-crisis-britain-isnt-helping>.
- Kaldor, Mary. 2017. *Human Security*. 1. útg. Cambridge: Polity press.
- Kingsley, Thomas, og Joe Sommerland. 2022. „Why Did Russia Invade Ukraine?“ The Independent. 24. nóvember 2022. <https://www.independent.co.uk/news/world/europe/why-is-russia-invading-ukraine-putin-b2232244.html>.
- Lawless, Jill. 2022. „UK Government Denies Giving Cool Welcome to Ukraine Refugees“. AP NEWS. 7. mars 2022. <https://apnews.com/article/russia-ukraine-boris-johnson-business-migration-london-35fa55f371ebbf4f71de54cf68550bd4>.
- Leszczyński, Adam. 2015. „‘Poles Don’t Want Immigrants. They Don’t Understand Them, Don’t like Them’“. *The Guardian*, 2. júlí 2015, hl. World news. <https://www.theguardian.com/world/2015/jul/02/poles-dont-want-immigrants-they-dont-understand-them-dont-like-them>.
- Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna. 2016. „OHCHR | Homelessness and Human Rights“. OHCHR. 2016. <https://www.ohchr.org/en/special-procedures/sr-housing/homelessness-and-human-rights>.
- McVeigh, Karen. 2022. „‘They Are Frozen’: Poland Praised for Generous Welcome to 1m Ukrainians“. *The Guardian*, 7. mars 2022, hl. Global development. <https://www.theguardian.com/world/2022/mar/07/over-1-million-people-have-fled-ukraine-for-poland-since-invasion-says-border-guard>.
- Milliken, David. 2015. „Britain Says to Take in 20,000 Syrian Refugees over Five Years“. *Reuters*, 7. september 2015, hl. UK Top News. <https://www.reuters.com/article/uk-europe-migrants-britain-idUKKCN0R71NM20150907>.
- Musarurwa, Hillary Jephata, og Sylvia Blanche Kaye. 2016. „Unpacking the Syrian Crisis: A Literature Review“. *Information Management and Business Review* 8 (6(I)): 32–38. [https://doi.org/10.22610/imbr.v8i6\(I\).1516](https://doi.org/10.22610/imbr.v8i6(I).1516).
- Narkowicz, Kasia. 2018. „‘Refugees Not Welcome Here’: State, Church and Civil Society Responses to the Refugee Crisis in Poland“. *International Journal of Politics, Culture, and Society* 31 (4): 357–73. <https://doi.org/10.1007/s10767-018-9287-9>.

- Ojewska, Natalia. 2015a. „Poland’s Modest Refugee Policy Proves Controversial“. 9. nóvember 2015. <https://www.aljazeera.com/features/2015/11/9/polands-modest-refugee-policy-proves-controversial>.
- Ojewska, Natalia. 2015b. „A ‘Witch-Hunt’ for Poland’s Barely Visible Refugees“. 3. desember 2015. <https://www.aljazeera.com/features/2015/12/3/a-witch-hunt-for-polands-barely-visible-refugees>.
- Paris, Roland. 2001. „Human Security: Paradigm Shift or Hot Air?“ *International Security* 26 (2): 87–102.
- Pifer, Steven. 2019. „Ukraine: Looking Forward, Five Years after the Maidan Revolution“. *Brookings* (blog). 22. febrúar 2019. <https://www.brookings.edu/blog/order-from-chaos/2019/02/22/ukraine-looking-forward-five-years-after-the-maidan-revolution/>.
- Pifer, Steven. 2020. „Crimea: Six Years after Illegal Annexation“. *Brookings* (blog). 17. mars 2020. <https://www.brookings.edu/blog/order-from-chaos/2020/03/17/crimea-six-years-after-illegal-annexation/>.
- Pikulicka-Wilczewska, Agnieszka. 2022. „‘People Sleep at Train Stations’: Refugee Crisis Brews in Poland“. 18. mars 2022. <https://www.aljazeera.com/news/2022/3/18/polish-cities-running-out-of-capacity-to-help-ukraine-refugees>.
- Rasmi, Adam. 2022. „Britain’s Effort to House Ukrainians Isn’t Going to Plan“. *Time*. 5. desember 2022. <https://time.com/6237361/uk-homes-for-ukraine-refugees-homelessness/>.
- Refugees, United Nations High Commissioner for. 2017. „What Is a Refugee?“ UNHCR. 2017. <https://www.unhcr.org/what-is-a-refugee.html>.
- Reid, Kathryn. 2022. „Syrian Refugee Crisis: Facts, FAQs, and How to Help“. *World Vision* (blog). 12. júlí 2022. <https://www.worldvision.org/refugees-news-stories/syrian-refugee-crisis-facts>.
- Rice-Oxley, Mark. 2022. „Poland Has Worked a Refugee Miracle. But How Much Longer Can It Last?“ *The Guardian*, 6. apríl 2022, hl. Global development. <https://www.theguardian.com/global-development/2022/apr/06/poland-has-worked-a-refugee-miracle-but-how-much-longer-can-it-last>.
- Sebastian, Clare, og Anastasia Graham-Yooll. 2022. „Uprooted by War, Some Ukrainians in the UK Now Face Homelessness Alone“. *CNN*. 27. júní 2022. <https://www.cnn.com/2022/06/27/europe/ukrainian-refugees-uk-homeless-intl-cmd/index.html>.
- Security Council Report. 2022. „UN High Commissioner for Refugees, November 2022 Monthly Forecast : Security Council Report“. 31. október 2022. <https://www.securitycouncilreport.org/monthly-forecast/2022-11/un-high-commissioner-for-refugees.php>.

- Sigríður Halldórsdóttir, ritstj. 2016. „Handbók í Aðferðafræði Rannsókn“. Í , 2. útg. Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Silja Bára Ómarsdóttir. 2008. „Öryggissjálfsmynd Íslands. Umræða um varnarmála- og almannavarnarlög á Alþingi vorið 2008“. *Stjórnmal og stjórnsýsla* 4 (2): 133–58. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2008.4.2.2>.
- Statista. 2022. „Ukrainian Refugees by Country 2022“. Statista. 13. desember 2022. <https://www.statista.com/statistics/1312584/ukrainian-refugees-by-country/>.
- Taylor, Russell. 2022. „Ukrainian Refugees in the UK: Access to Public Services and Employment“, júlí. <https://lordslibrary.parliament.uk/ukrainian-refugees-in-the-uk-access-to-public-services-and-employment/>.
- Thomas, Nicholas, og William T. Tow. 2002. „The Utility of Human Security: Sovereignty and Humanitarian Intervention“. *Security Dialogue* 33 (2): 177–92. <https://doi.org/10.1177/0967010602033002006>.
- Wanat, Zosia. 2022. „Polish Cities Feel the Strain of Helping Ukrainian Refugees“. *POLITICO* (blog). 2. júní 2022. <https://www.politico.eu/article/poland-cities-strain-help-ukraine-refugees/>.
- Wigura, Karolina, og Jarosław Kuisz. 2022. „Poland’s Door Is Wide Open to Ukrainians – We Know These Refugees Could Be Us“. *The Guardian*, 9. mars 2022, hl. World news. <https://www.theguardian.com/world/commentisfree/2022/mar/09/poland-ukrainians-refugees-history>.
- Wintour, Patrick. 2015. „UK to Take up to 20,000 Syrian Refugees over Five Years, David Cameron Confirms“. *The Guardian*, 7. september 2015, hl. World news. <https://www.theguardian.com/world/2015/sep/07/uk-will-accept-up-to-20000-syrian-refugees-david-cameron-confirms>.
- Witte, Griff, og Karla Adam. 2015. „Britain Takes in so Few Refugees from Syria They Would Fit on a Subway Train“. *Washington Post*, 1. september 2015, hl. World. https://www.washingtonpost.com/world/britain-takes-in-so-few-refugees-from-syria-they-would-fit-on-a-subway-train/2015/09/01/af427190-4b34-11e5-80c2-106ea7fb80d4_story.html.
- Zaru, Deena. 2022. „Europe’s Unified Welcome of Ukrainian Refugees Exposes ‘double Standard’ for Nonwhite Asylum Seekers: Experts“. ABC News. 8. mars 2022. <https://abcnews.go.com/International/europes-unified-ukrainian-refugees-exposes-double-standard-nonwhite/story?id=83251970>.